RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sævar Freyr Þráinsson
Kt. 1606713439
Dags. 2.11.2026 11:15:13 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Bjarni Már Jóhannesson
Kt. 0306773239
Dags. 2.11.2026 11:30:49 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

Orkuveitan

Grunnlýsing skuldabréfa og víxla án eigendaábyrgðar

2. nóvember 2026

Efnisyfirlit

1. ALMENN LÝSING Á ÚTGÁFURAMMANUM 2
   1.1. Útgáfuramminn 2
   1.2. Verðbréf útgefin í samræmi við útgáfurammann 2
   1.3. Taka til viðskipta á skipulegum markaði 3
   1.4. Framkvæmd útgáfu 3
   1.5. Útgáfuáætlun 3
2. ÁHÆTTUÞÆTTIR 4
   2.1. Áhættuþættir verðbréfanna 4
      2.1.1. Áhætta tengd verðbréfunum sem gefin eru út undir útgáfurammanum 4
      2.1.2. Almenn áhætta tengd fjárfestingu í skuldabréfum og víxlum 6
      2.1.3. Lagaumhverfi verðbréfanna og áhætta vegna lagabreytinga 7
   2.2. Áhættuþættir útgefanda 7
      2.2.1. Fjárhagsleg áhætta 8
      2.2.2. Kjarnaáhætta 9
      2.2.3. Rekstraráhætta 10
      2.2.4. Tryggingar 10
3. SKILMÁLAR VERÐBRÉFANNA 11
4. FORM ENDANLEGRA SKILMÁLA 26
5. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN 34
   5.1. Starfsemi og skipulag 34
      5.1.1. Útgefandi 34
      5.1.2. Lagaumhverfi og eigendur 34
      5.1.3. Inngangur 36
      5.1.4. Samandregnar fjárhagsupplýsingar 36
      5.1.5. Lánshæfismat 40
      5.1.6. Ágrip af sögu útgefanda 40
      5.1.7. Upplýsingar um starfsemi og fjármál 42
      5.1.8. Stjórnarhættir, stjórn, stjórnendur og endurskoðendur 43
      5.1.9. Sjálfbærni og heildarstefna útgefanda 45
6. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA 47
   6.1. Skilgreiningar og tilvísanir 48
   6.2. Gildistími og aðgengi að lýsingu 49
   6.3. Upplýsingar felldar inn með tilvísun 49
   6.4. Skjöl til sýnis 49
   6.5. Önnur skjöl 50
   6.6. Upplýsingar frá þriðja aðila 51
   6.7. Ráðgjafar 51
   6.8. Yfirlýsing endurskoðanda útgefandans 51
   6.9. Yfirlýsing ábyrgðaraðila grunnlýsingar fyrir hönd útgefanda 52

1. ALMENN LÝSING Á ÚTGÁFURAMMANUM

1.1. Útgáfuramminn

Orkuveita Reykjavíkur, kt. 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík (einnig nefnt „**útgefandi**“, „**Orkuveitan**“, „**OR**“ eða „**móðurfélag**“ í grunnlýsingu þessari) getur, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og/eða víxla (í grunnlýsingu þessari nefnd „**skuldabréfin**“ og „**víxlarnir**“, saman eða hvort heldur sem er „**verðbréfin**“) samtals að útistandandi fjárhæð allt að 170.000.000.000 kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari („**útgáfuramminn**“ og „**grunnlýsingin**“ eða „**lýsingin**“), að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlýsing.

Útgáfuramminn er í samræmi við ákvörðun stjórnar Orkuveitunnar þann 27. febrúar 2023 og nemur fjárhæð hans 170.000.000.000 kr. Samanlagt nafnverð útgefinna útistandandi verðbréfa sem gefin verða út samkvæmt útgáfurammanum skal ekki vera umfram 170.000.000.000 kr.

Eftirtaldir sjö þegar útgefnir verðbréfaflokkar eru felldir undir útgáfurammann. Flokkarnir, OR090546, OR180255 GB, OR020934 GB, OR180242 GB, OR161126 GB, OR280845 GB og OR031033 GB hafa þegar verið teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Heildarútgáfa verðbréfaflokkanna sjö nemur samtals 135.987.743.199 kr. að nafnverði.

- Skuldabréfaflokkurinn OR090546, jafngreiðsluflokkur, verðtryggður með vísitölu neysluverðs, fyrst gefinn út 9. maí 2016, með lokagjalddaga 30 árum síðar, en heildarútgáfa innan flokksins er nú 20.021.243.199 kr. að nafnverði og er heildarheimild til útgáfu innan flokksins opin.

- Skuldabréfaflokkurinn OR180255 GB, jafngreiðsluflokkur, verðtryggður með vísitölu neysluverðs, fyrst gefinn út 18. febrúar 2019, með lokagjalddaga 36 árum síðar, en heildarútgáfa innan flokksins er nú 46.761.000.000 kr. að nafnverði og er heildarheimild til útgáfu innan flokksins opin.

- Skuldabréfaflokkurinn OR020934 GB, jafngreiðsluflokkur, verðtryggður með vísitölu neysluverðs, fyrst gefinn út 2. september 2019, með lokagjalddaga 15 árum síðar, en heildarútgáfa innan flokksins er nú 28.107.000.000 kr. að nafnverði og er heildarheimild til útgáfu innan flokksins opin.

- Skuldabréfaflokkurinn OR180242 GB er óverðtryggður flokkur með jöfnum afborgunum, fyrst gefinn út 15. apríl 2021 með lokagjalddaga 18. febrúar 2042. Heildarútgáfa innan flokksins er nú 13.597.500.000 kr. að nafnverði og er heildarheimild til útgáfu innan flokksins opin.

- Skuldabréfaflokkunin OR161126 GB er óverðtryggður vaxtagreiðsluflokkur, fyrst gefinn út 7. nóvember 2022 með lokagjalddaga fjórum árum síðar, en heildarútgáfa innan flokksins er nú 1.586.000.000 kr. að nafnverði og er heildarheimild til útgáfu innan flokksins opin.

- Skuldabréfaflokkurinn OR 280845 GB er verðtryggður jafngreiðsluflokkur, fyrst gefinn út 28. ágúst 2024 með lokagjalddaga 28. ágúst 2045, en heildarútgáfa innan flokksins er nú 9.190.000.000 kr. að nafnverði og heildarheimild innan flokksins er opin.

- Skuldabréfaflokkurinn OR031033 GB er óverðtryggður flokkur með jöfnum afborgunum, fyrst gefinn út 2. október 2024 með lokagjalddaga 3. október 2033, en heildarútgáfa innan flokksins er nú 16.725.000.000 kr.

Flokkarnir OR011222, OR231023 GB og OR090524 voru felldir undir útgáfurammann á líftíma þeirra en eru komnir á gjalddaga og því ekki undir rammanum við undirritun grunnlýsingar þessarar.

1.2. Verðbréf útgefin í samræmi við útgáfurammann

Útgáfuramminn gerir ráð fyrir útgáfu skuldabréfa og víxla sem taka á til viðskipta á skipulegum markaði í skilningi laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, og/eða bjóða á til kaups í almennu útboði sem takmarkað er við tiltekinn hóp fjárfesta skv. undanþágu í

b-lið 4. mgr. 1. gr. í reglugerð (ESB) nr. 2017/1129, sbr. 2. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, allt samkvæmt ákvörðun útgefanda hverju sinni. Útgáfuramminn gerir jafnframt ráð fyrir útgáfu skuldabréfa og víxla sem eru undanþegin framangreindum reglum og ekki á að taka til viðskipta á skipulegum markaði. Skilmálar þeirra verðbréfa, sem gefa má út samkvæmt útgáfurammanum, eru tilgreindir í kafla *3 Skilmálar verðbréfanna*.

1.3. Taka til viðskipta á skipulegum markaði

Ef gert er ráð fyrir að skrá verðbréfin á skipulegan markað verður sótt um að fá slík verðbréf tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. (Nasdaq Iceland hf. hér eftir „**Nasdaq Iceland**“ eða eftir atvikum „**Kauphöllin**“) sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Ekki er gert ráð fyrir að sótt verði um að fá verðbréfin tekin til viðskipta á öðrum skipulegum mörkuðum.

1.4. Framkvæmd útgáfu

Útgefandi mun ákveða skilmála hverrar útgáfu í samræmi við þá mögulegu skilmála sem tilgreindir eru í kafla *3 Skilmálar verðbréfanna*. Endanlegir skilmálar hverrar útgáfu verða tilgreindir í viðeigandi endanlegum skilmálum útgáfunnar. Form endanlegra skilmála er að finna í kafla *4 Form endanlegra skilmála*. Endanlegu skilmálarnir verða skráðir hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (einnig nefnt „**Fjármálaeftirlitið**“), kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, birtir á vefsíðu útgefanda og til upplýsinga í fréttakerfi Nasdaq Iceland eftir því sem við á.

1.5. Útgáfuáætlun

Núgildandi fjármögnunaráætlun Orkuveitunnar nemur allt að 34 milljörðum króna á árinu 2026, í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns, samkvæmt heimild stjórnar til fjármögnunar á árinu.

2. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem Orkuveitunni er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um útgefanda og dótturfélög útgefanda, eitt eða fleiri (saman nefnd „**samstæða Orkuveitu Reykjavíkur**“, „**samstæða Orkuveitunnar**“ eða „**samstæðan**“), og þær atvinnugreinar sem samstæðan starfar innan og gætu haft áhrif á getu útgefanda til að standa skil á greiðslum afborgana og vaxta af útgefnum skuldabréfum og víxlum, þar á meðal þeim verðbréfum, þ.e. skuldabréfum og/eða víxlum, sem útgefin eru samkvæmt ákvæðum útgáfurammans sem lýst er í grunnlýsingu þessari. Framsetning og uppröðun áhættuþátta fer eftir alvarleika þeirra að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist, og er þeim skipt á eftirfarandi hátt:

1) Áhættuþættir sem tengjast verðbréfunum svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim, og

2) áhættuþættir sem eiga sérstaklega við um útgefandann, samstæðu hans og atvinnugreinar.

Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að aðrir þættir en þeir sem taldir eru upp á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um, geti haft áhrif á markaðsvirði verðbréfanna og/eða getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í verðbréfum sem útgefandi gefur út samkvæmt útgáfuramma þeim sem lýst er í grunnlýsingu þessari, er mikilvægt að fjárfestar leggi sjálfir mat á þá áhættu sem felst í að fjárfesta í verðbréfunum. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á verðbréfunum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf. Fjárfestar eru því hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í grunnlýsingu þessari og þá sérstaklega allar upplýsingar um þá áhættu- og óvissuþætti útgefanda og samstæðu hans, sem gætu haft veruleg áhrif á samstæðuna og fjárfestingar í verðbréfum útgefnum af útgefanda.

Ekki er hægt með vissu að meta líkur þess að tiltekinn atburður eigi sér stað, áhrif hans eða hvort hann geti haft keðjuverkandi áhrif og orðið til þess að aðrir atburðir komi til sem valdið geta félaginu, viðskiptamönnum, lánardrottnum eða hluthöfum þess tjóni. Hver og einn neðangreindra áhættuþátta gæti ítrekað eða í einstökum tilvikum haft áhrif á rekstur og efnahag félagsins og þar með á verðmæti verðbréfa útgefnum af félaginu. Ekki er hægt að segja til um umfang eða tímamörk slíkra áhrifa.

2.1. Áhættuþættir verðbréfanna

2.1.1. Áhætta tengd verðbréfunum sem gefin eru út undir útgáfurammanum

Endurgreiðsluáhætta

Útgefandi getur lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga. Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða verðbréfin á fyrir fram ákveðnum gjalddögum og fjármagnar það með tekjum sínum eða lántöku. Sú skuldbinding útgefanda er bein og óskilyrt. Verðbréfin eru gefin út án eigendaábyrgðar. Stýring lausafjáráhættu útgefanda og samstæðu hans felst meðal annars í því að tryggja að nægilegt laust fé sé til staðar á hverjum tíma til að standa við allar skuldbindingar samstæðunnar og að sem best jafnvægi sé á milli skuldbindinga og vænts sjóðstreymis. Útgefandi ber ábyrgð á því að eiga nægilegt laust fé til að greiða af verðbréfunum á gjalddögum þeirra.

Markaðs- og verðbólguáhætta

Hætta er á að verðmæti verðbréfanna rýrni vegna breytinga á mörkuðum. Mögulegt er að ávöxtunarkrafa markaðarins flökti almennt eða að flökt verði á verðlagningu ákveðins hluta markaðarins. Ef til að mynda ávöxtunarkrafa skuldabréfa með föstum vöxtum hækkar þá minnkar virði bréfanna að öllu öðru jöfnu en ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna að öllu öðru jöfnu. Að sama skapi getur ávöxtunarkrafa til einstakra verðbréfaflokka sveiflast.

Verðbréf sem gefin eru út undir útgáfurammanum geta verið verðtryggð. Breytingar á þeirri vísitölu, sem lögð er til grundvallar verðtryggingu skuldabréfanna, geta haft áhrif á virði skuldabréfanna, ýmist til hækkunar eða

lækkunar. Verðtrygging hefur þau áhrif að höfuðstóll skuldaskjalanna breytist í samræmi við breytingar á grunnvísitölu verðbréfanna. Breytingar á vísitölu sem notuð er til verðtryggingar hefur einnig áhrif á greidda vexti af skuldaskjölunum þegar um vaxtagreiðslubréf er að ræða, þar sem höfuðstóll er uppreiknaður miðað við gildi vísitölu sem notuð er til verðtryggingar áður en vextir eru reiknaðir.

Seljanleikaáhætta

Sótt getur verið um að verðbréfin séu tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Þó að verðbréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með þau. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði og ekki er lofað að samið verði um viðskiptavakt með verðbréfin en upplýsingar um slíkan samning yrðu birtar opinberlega.

Þá má geta svokallaðrar seljanleikaáhættu. Það er áhættan á að fjárfestum reynist ekki unnt að selja verðbréfin þegar vilji stendur til og á því verði sem væntingar þeirra standa til um. Áhættan getur birst með þeim hætti að kaupendur eru ekki til staðar eða að verulegur munur getur verið á kaup- og sölugengi, þannig að ekki náist sá árangur við sölu sem vænst hafði verið.

Vaxtaáhætta

Fjárfestar sem kaupa verðbréf með föstum vöxtum standa frammi fyrir þeirri áhættu að vextir þeirra og fjárhæð þeirra vaxta sem þeir fá greitt sé lægri en þeir vextir sem bjóðast almennt á markaði. Markaðsvirði verðbréfa með föstum vöxtum lækkar að öllu öðru jöfnu ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri fjárfestingu.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna verðbréfa útgefanda er sú að útgefandinn standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum verðbréfanna. Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum verðbréfanna getur það haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesta. Til viðbótar við mat á áhættu útgefandans verða fjárfestar einnig að skoða endanlega skilmála viðkomandi víxlaflokks eða skuldabréfaflokks (hér eftir „skuldaskjalaflokks“) sem þeir hyggjast fjárfesta í.

Uppgjörsáhætta

Sú áhætta er til staðar, í tengslum við möguleg viðskipti með verðbréfin, að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.

Uppgreiðsluáhætta

Skuldabréfin geta innihaldið ákvæði um heimild útgefanda til að greiða upp skuldabréfin hraðar eða að fullu áður en að samningsbundnum lokagjalddaga kemur, annað hvort gegn greiðslu umframgreiðslugjalds eður ei eftir því sem fram kemur í viðeigandi endanlegum skilmálum. Hætta er á að fjárfestar geti ekki endurfjárfest uppgreiðslu-fjárhæðinni á sömu kjörum á markaði.

Áhætta tengd óveðtryggðum verðbréfum

Ef verðbréf njóta ekki veðtrygginga standa fjárfestar frammi fyrir þeirri áhættu að kröfur þeirra á hendur útgefanda njóta ekki sérstakra trygginga í eignum útgefanda. Komi til gjaldþrots eða slita útgefanda standa því slíkar kröfur aftar veðtryggðum kröfum ef slíkar kröfur eru fyrir hendi.

Áhætta tengd grænum verðbréfum

Græn verðbréf eru þau verðbréf útgefanda sem gefin eru út í samræmi við ramma útgefanda um græna fjármögnun eins og hann er á hverjum tíma. Græni ramminn getur tekið breytingum á líftíma verðbréfanna en breytingar á grænum ramma hafa ekki áhrif á áður útgefin bréf heldur eiga eingöngu við verðbréf sem gefin eru út eftir slíkar breytingar. Fyrrgreindar breytingar veita ekki eigendum verðbréfa gjaldfellingarheimild eða önnur réttindi, jafnvel þótt verðbréf gefin út eftir slíkar breytingar flokkist ekki sem græn.

Útgefandi ábyrgist hvorki áreiðanleika álits eða vottunar sem þriðji aðili gefur út, óháð því hvort álitið eða vottunin sé gefið út að beiðni útgefanda, og sem gert er aðgengilegt fjárfestum í tengslum við útgáfu grænna verðbréfa né heldur að slíkt álit eða vottun teljist viðeigandi, þá sérstaklega í þeim tilvikum sem álit eða vottun staðfestir að umgjörð útgefanda um græna fjármögnun uppfylli umhverfisleg skilyrði, samfélagsleg skilyrði, skilyrði um sjálfbærni og/eða önnur skilyrði. Til að fyrirbyggja allan vafa þá er slíkt álit (eða vottun) ekki fellt inn í grunnlýsinguna og telst ekki hluti af henni. Þá ætti slíkt álit (eða vottun) ekki að teljast ráðgjöf útgefanda eða annars aðila um að kaupa, selja eða eiga græn verðbréf. Jafnframt er á það bent að slíkt álit (eða vottun), sem er í gildi við útgáfu verðbréfanna, gæti haft takmarkaðan gildistíma og þannig fallið úr gildi á líftíma skuldabréfanna. Fjárfestum ber að leggja sjálfstætt mat á mikilvægi (i) álits eða vottunar þriðja aðila, (ii) þeirra upplýsinga sem þar koma fram og (iii) upplýsinga um útgefanda álits eða vottunar í tengslum við fjárfestingu í grænum verðbréfum. Sem stendur eru útgefendur slíkra álita eða vottunar ekki undir sérstöku regluverki eða eftirliti á Íslandi þó er en fyrirhugað er að innleiða tilskipun Evrópusambandsins um evrópsk græn skuldabréf í íslenskan rétt á árinu 2027.

Gjaldfellingarheimildir

Útgefandi getur samþykkt fjárhagsleg skilyrði og aðrar kvaðir vegna skuldabréfanna sem ætlað er að bæta réttarstöðu verðbréfaeigenda gagnvart útgefanda. Áhætta er fólgin í að útgefandi brjóti skilyrði eða kvöð og tilkynni það ekki eins og honum ber og/eða grípi ekki til nauðsynlegra aðgerða til að bæta úr þeim kringumstæðum eða atvikum sem ollu slíku broti. Vanefni útgefandi skuldbindingar, tiltekin skilyrði eða kvaðir getur eigendum verðbréfanna verið heimilt að gjaldfella þau, þó með samþykki tilskilins hlutfalls eigenda verðbréfanna. Áhætta er fólgin í því fyrir eiganda slíkra verðbréfa að hann hafi ekki einhliða rétt til að gjaldfella verðbréf sín.

Breytingar á skilmálum geta verið háðar samþykki ákveðins hlutfalls eigenda verðbréfanna

Breytingar á skilmálum verðbréfanna geta verið háðar samþykki tilskilins hlutfalls eigenda verðbréfanna á fundi verðbréfaeigenda, svo ekki er víst að breytingar sem verðbréfaeigandi veitir samþykki sitt fyrir, nái fram að ganga. Þá geta kröfuhafar sem annað hvort mættu ekki á fundinn eða leggjast ekki sannanlega gegn þeirri tillögu sem er til umfjöllunar, talist hafa samþykkt hana. Jafnframt getur ákvörðun sem tekin er á fundi verðbréfaeigenda verið skuldbindandi fyrir kröfuhafa sem greitt hafa atkvæði sannanlega gegn henni, þar sem ákvarðanir geta talist samþykktar ef tilskilið hlutfall kröfuhafa samþykkir þær.

2.1.2. Almenn áhætta tengd fjárfestingu í skuldabréfum og víxlum

Fjárfesting í skuldabréfum og víxlum felur í sér áhættu og þrátt fyrir að standa framar í skuldaröð en til að mynda eigendur hlutabréfa, þá geta eigendur skuldabréfa og víxla tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í slíkum verðbréfum í heild eða að hluta. Almennt efnahagsástand, vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands, breytingar á lögum og reglum og aðrir ófyrirséðir atburðir eru meðal þeirra þátta sem geta valdið verðbreytingum á skuldabréfum og víxlum. Einnig má nefna áhættuþætti á borð við verðbólguáhættu og endurgreiðsluáhættu auk þátta er snúa að skilmálum og réttindum viðkomandi verðbréfaútgáfu, svo sem veðtryggingum, vanefndatilvikum og samspili við aðra lánveitendur útgefanda.

Fjárfesting í skuldabréfum og víxlum felur einnig í sér markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhættu. Markaðsáhætta skapast af verðbreytingum á tilteknum verðbréfamarkaði í heild sinni sem rekja má til óvæntra atburða og breytinga á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja og þjóðarbúsins í heild. Seljanleikaáhætta felst í því að eftirspurn eftir skuldabréfum og víxlum útgefanda getur verið mismikil frá einum tíma til annars. Mótaðilaáhætta felst í því að við kaup eða sölu skuldabréfa eða víxla eða gerð annarra samninga um fjármálagerninga er hugsanlegt að samningsaðili efni ekki samninginn þegar að uppgjöri kemur.

Þeir sem hafa í hyggju að fjárfesta í skuldabréfum eða víxlum útgefnum af útgefanda þurfa að hafa í huga að ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðbær. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í skuldabréfum eða víxlum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hætta ávallt fyrir hendi að verðbréf útgefin af einstökum félögum reynist óarðbær. Af þeim sökum er væntanlegum fjárfestum bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér fjárfestingarráðgjafar.

Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi og lagaumhverfi sem opinber yfirvöld skapa. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

2.1.3. Lagaumhverfi verðbréfanna og áhætta vegna lagabreytinga

Um útgáfu skuldabréfanna og víxlanna gilda íslensk lög og eru þau verðbréf í skilningi 64. töluliðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Skuldaskjölin verða gefin út rafrænt hjá þeirri verðbréfamiðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum. Um rafræna útgáfu skuldaskjalanna gilda lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga. Eignaskráning rafbréfa hjá verðbréfamiðstöð veitir skráðum handhafa þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Um víxlana gilda einnig víxillög nr. 93/1933. Önnur lög sem varða verðbréfin eru m.a. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og lög nr. 138/2013 um stimpilgjald og óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf.

Ef taka á verðbréfin til viðskipta á skipulegum markaði falla þau undir ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti og lýsingar, samanber lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu og lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Síðastnefnd lög gilda einnig séu verðbréfin boðin til sölu í almennu útboði sem ekki er undanskilið gildissviði laganna. Reglugerð (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB hefur verið innleidd í íslenskan rétt með ákvæðum framangreindra laga nr. 14/2020, sbr. 2. gr. laganna. Grunnlýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum samkvæmt 6., 14. og 28. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980. Grunnlýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af *Reglum fyrir útgefendur skuldabréfa*[1] sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland hf. þann 1. janúar 2026. Útgefandi lýtur framangreindum reglum Nasdaq Iceland séu skuldabréf hans eða víxlar tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Útgefanda ber að fara eftir framangreindum lögum og reglum, sem meðal annars fela í sér upplýsingaskyldu. Brot á þeim kunna að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna að hafa í för með sér að Nasdaq Iceland taki verðbréf útgefin af útgefanda úr viðskiptum um tiltekinn tíma eða endanlega. Brjóti útgefandi framangreindar reglur kann það enn fremur að hafa áhrif á orðspor útgefanda og getur það haft þær afleiðingar að skuldabréf útgefin af honum falli í verði.

Þeir sem fjárfesta í verðbréfum útgefnum af útgefanda falla undir lög og reglur sem varða verðbréfaviðskipti, svo sem reglur um viðskipti innherja vegna verðbréfa félaga sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði.

Brot gegn tilteknum ákvæðum laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, framin af ásetningi eða gáleysi, geta varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Niðurstöður dómstóla, laga- og reglugerðarbreytingar ásamt breytingum á stjórnsýsluframkvæmd geta haft áhrif á virði skuldaskjalanna. Útgefandi getur ekki borið neina ábyrgð á lagabreytingum, ákvörðunum stjórnvalda eða öðrum atriðum sem að framan er getið, sem kunna að eiga sér stað á líftíma skuldaskjalanna eftir dagsetningu grunnlýsingarinnar og hugsanlegum áhrifum þeirra á skilmála skuldaskjalanna og virði. Þau lög sem varða verðbréfaviðskipti og útgáfu skuldabréfa og/eða víxla kunna að breytast með neikvæðum afleiðingum fyrir rekstur útgefanda á líftíma verðbréfanna.

2.2. Áhættuþættir útgefanda

Áhættuþáttum sem útgefanda er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um útgefanda og dótturfélög hans og gætu haft áhrif á virði verðbréfa útgefnum af útgefanda skiptir Orkuveitan í fjárhagslega áhættu, kjarnaáhættu, rekstraráhættu og tryggingar. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér vel upplýsingar um helstu áhættuþætti útgefanda

[1] Við undirritun grunnlýsingarnnar er í gildi útgáfa frá 1. janúar 2026 en hana má nálgast í tenglinum. Upplýsingar sem birtar eru í tenglinum er ekki hluti lýsingarinnar:
https://www.nasdaq.com/docs/2026/01/07/2026.01.01_Reglur_fyrir_%C3%BAtgefendur_skuldabr%C3%A9fa.pdf

í skjölum sem felld eru inn í grunnlýsingu þessa með tilvísun vegna upplýsinga um starfsemi og fjármál útgefanda. Fjárfestum er í því samhengi einkum bent á skýringar með ársreikningi samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2025 og skýrslu stjórnar“.

2.2.1. Fjárhagsleg áhætta

Útgefandi starfar í samræmi við áhættustefnu. Fjárhagsleg áhætta sem samkvæmt áhættustefnu skal vera stýrt greinist í eftirfarandi undirþætti: Markaðsáhætta, þ.e. áhrif markaðssveiflna (gengissveiflur, erlent og innlent vaxtastig, verðlagsþróun, vaxtaálag lána og álverð) á fjárhagslegan styrk útgefanda. Mótaðilaáhætta, þ.e. áhrif hugsanlegra vanskila viðskiptavina á útgefanda, varðar stærð einstakra viðskiptavina, einsleita hópa viðskiptavina, innheimtuúrræði og endurheimtur. Lausafjáráhætta, þ.e. geta útgefanda til að mæta skuldbindingum og grípa tækifæri, varðar rekstrarútgjöld, afborganir af lánum, fjárfestingar og samsetningu eignasafns.

Markaðsáhætta

Hætta er á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, álverðs, vaxta og annarra verðbreytinga hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða efnahag. Miðað við núverandi efnahagsreikning er markaðsáhætta Orkuveitunnar einkum rakin til breytinga á vöxtum, gjaldmiðlum, verðbreytingu álverðs og markaðsverðbréfa. Áhættan sem vegur mest hjá samstæðunni er því þrenns konar: Gjaldeyrisáhætta vegna skulda í efnahagsreikningi og sjóðstreymis í erlendri mynt, vaxtaáhætta vegna lána og samninga samstæðunnar, svo og álverðsáhætta vegna álverðstengdra raforkusamninga. Stór hluti gildandi álverðstengdra raforkusölusamninga renna út í skrefum á árunum 2026-2028. Skrifað hefur verið undir nýjan raforkusölusamning um afhendingu á 150 megavöttum frá ON til allt að 5 ára. Í nýjum samning hefur álverðstenging raforkusöluverðs verið afnumin, þess í stað er söluverð tengt verðbólgu í Bandaríkjunum (US CPI) sem eykur fyrirsjáanleika í rekstri orkuframleiðslu.

Gjaldeyrisáhætta er mæld sem mismunur milli eigna og skulda í hverri mynt þar sem tillit er tekið til allra eigna og skulda, framvirkra samninga og annarra afleiða. Áhættustýringu Orkuveitunnar er heimilt að nota framvirka samninga og gjaldmiðlaskiptasamninga til að draga úr áhættu vegna gengisbreytinga. Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölusamninga, innkaupa og langtímalána í mismunandi gjaldmiðlum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru íslensk króna, evra, svissneskir frankar og bandarískur dollar. Mörk gjaldeyrisójafnaðar skv. áhættustefnu eru 20% af eigin fé. Í lok árs 2025 var gjaldeyrisójöfnuður metinn 18% samkvæmt áhættuskýrslu**.** Þá hefur félagið sett sér markmið í áhættuhandbók um að félagið geti staðið undir útflæði í erlendum gjaldeyri til næstu 12 mánaða. Þetta er gert til að sveiflur á gjaldeyrismörkuðum hafi til skamms tíma litið lítil sem engin áhrif á Orkuveituna og gefi aukið svigrúm til aðgerða komi til áfalla.

Af vaxtaberandi lánum samstæðunnar voru um 23% í erlendum gjaldmiðlum í árslok 2025. Samstæðan hefur gert langtíma sölusamninga á raforku í erlendum gjaldmiðlum. Á árinu 2025 var undirritaður nýr raforkusölusamningur í USD um afhendingu á 150 megavöttum af raforku frá ON Power til allt að 5 ára. Samningurinn tekur við af eldri samningi milli aðila. Nýr samningur mun renna út í skrefum til og með 31. mars 2032. Væntar tekjur vegna umfangsmestu sölusamninga í erlendum gjaldeyri námu í árslok 2025 um 69,6 ma.kr. (2024: 47 ma.kr.) og byggir sú fjárhæð á forsendum um þróun ytri markaðsaðstæðna, t.a.m. þróun álverðs og verðlags. Starfrækslugjaldmiðill dótturfélagsins ON Power ohf. er bandaríkjadalur og endurspeglar því efnahagsreikningur samstæðu Orkuveitunnar þá staðreynd að það er tekjustreymi í erlendum gjaldeyri á móti lánum.

Verðlagsáhætta er rakin til mismunar á verðtryggðum eignum og skuldum. Misræmi þar á milli veldur því að þróun verðlags getur haft neikvæð áhrif á afkomu eða efnahag útgefanda. Hluti af skuldum Orkuveitunnar er verðtryggður og því hefur vísitala neysluverðs áhrif á greiðslubyrði í framtíðinni. Á móti kemur að töluverður hluti tekna er verðtryggður. Erfitt er að meta nákvæmlega þá efnahagslegu áhættu sem fylgir verðlagsbreytingum. Hluti af innlendum skuldum er verðtryggður en virði eigna er erfiðara að meta. Fastafjármunir eru þó endurmetnir reglulega og er fylgni við verðlag mikil. Auðveldara er að meta áhættu verðtryggingar á sjóðsteymi en efnahag. Hluti verðskrár er uppfærður reglulega með tilliti til verðlagsbreytinga og greiðsluflæði verðtryggða skulda er beintengt við vísitölu neysluverðs og/eða byggingarvísitölu. Hins vegar er ekki jafn ljóst hvernig verðlag hefur áhrif á rekstrarkostnað.

Vaxtaáhætta: Hluti erlendra lána Orkuveitunnar bera fljótandi vexti með mismunandi vaxtaviðmiðum s.s. SOFR, STIBOR, EURIBOR og REIBOR. Vegna áhættuvarnarsjónarmiða (til að draga úr sveiflum í greiðslum og auka fyrirsjáanleika greiðsluflæðis á næstu árum) og vegna hagstæðra aðstæðna hefur stórum hluta vaxta verið skipt yfir í fasta vexti. Miðað við árslokastöðu 2025 þá voru 83% af gjalddögum vaxtaberandi skulda á árinu 2026 með fasta vexti, að teknu tilliti til áhættuvarnarsamninga, ef svo ber við. Þá hafa vextir einnig áhrif á matsvirði ýmissa eigna og skulda samstæðunnar sem færð eru á gangvirði skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Áhættuvarnarsamningar og innbyggðar afleiður raforkusölusamninga eru dæmi um liði sem færðir eru á gangvirði og getur virði þeirra ýmist verið metið jákvætt eða neikvætt.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er sú áhætta að mótaðili efni ekki gerða samninga, hvort sem um sérstaka samninga er að ræða eða almenna viðskiptavini. Einn viðskiptavinur samstæðunnar hefur veruleg áhrif á fjárhæð heildartekna vegna kaupa á rafmagni til stóriðju. Tekjur samstæðunnar frá þessum viðskiptavini námu 11,6% af heildartekjum 2025 og 13,6% af heildartekjum 2024. Stærsti einstaki mótaðili Orkuveitunnar er Norðurál Grundartanga. Aðrir mótaðilar eru smáir í samanburði.

Sjá umfjöllun um rekstrartruflun hjá Norðuráli Grundartanga árið 2025 í kafla *5.1.7 Upplýsingar um starfsemi og fjármál.*

Álverðsáhætta

Hluti raforkusölusamninga samstæðu Orkuveitunnar eru gerðir í bandaríkjadölum og tengdir heimsmarkaðsverði á áli. Tekjur af þessum samningum námu 11,6% tekna samstæðunnar árið 2025 (13,6% 2024). Um er að ræða langtíma raforkusölusamninga sem metnir eru til gangvirðis og eru færðir í efnahagsreikning félagsins. Við gerð raforkusölusamninga við stóriðju tók Orkuveitan á sig þá markaðsáhættu sem fylgir sveiflum á álverði þrátt fyrir að hrávöruverð hafi lítil sem engin áhrif á rekstur virkjana. Á móti kemur að stór hluti rekstrarkostnaðar mótaðila sveiflast með álverði og líkur á greiðslufalli eru því minni og áhætta af sveiflum í álverði því að hluta til takmörkuð. Til að draga úr álverðsáhættu hefur Orkuveitan gert afleiðusamninga til að draga úr sveiflum álverðstengdra tekna og auka fyrirsjáanleika sjóðstreymis. Áhættustýring hefur heimild til að verja álverðsáhættu. Í árslok 2025 námu varnir 68% af áætlaðri álverðstengdri sölu næstu 12 mánaða (47% í árslok 2024).

Vegna raforkusölusamninga er innbyggð álafleiða færð í efnahagsreikning félagsins og getur virði hennar sveiflast mikið. Virði afleiðunnar er mismunur á væntu núvirtu framtíðargreiðsluflæði, reiknað skv. framvirkum álverðum annarsvegar á uppgjörsdegi og hins vegar á samningsdegi. Þannig hafa álverð, vaxtabreytingar og gengi gjaldmiðla áhrif á virði afleiðunnar. Mjög erfitt er að verjast þessari áhættu þar sem ekki er hægt að kaupa álvarnir nema nokkur ár fram í tímann en innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum eru reiknaðar út líftíma undirliggjandi samninga. Lengsti samningurinn rennur út í árslok 2036. Í ljósi þess að mikið af samningsbundinni afhendingarskyldu rennur út á næstu árum, má hinsvegar gera ráð fyrir að bæði verðmæti og sveiflur innbyggðra afleiðna í raforkusölusamningum dragist saman eftir því sem líður á samningstímann.

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Sterk lausafjárstaða er besta vörnin gegn áföllum í rekstri og eykur jafnframt aðgengi að fjármagnsmörkuðum, styrkir lánshæfi félagsins og bætir með því kjör þess. Orkuveitan hefur á undanförnum árum verið með markmið að viðhalda veltufjárhlutfalli félagsins um og yfir einum. Æskilegt er í rekstri fyrirtækja að veltufjármunir dugi á hverjum tímapunkti fyrir skammtímaskuldum jafnvel þó tekjustreymi fyrirtækja sé traust. Veltufjárhlutfall samstæðu Orkuveitunnar var um 1,1 í árslok 2025 (1,2 árslok 2024). Stefnt er að því að veltufjárhlutfall á hverjum tímapunkti næsta árs verði yfir einum auk þess sem hlutfall sjóðstöðu sé yfir 100% fyrir öll tímabil frá einum mánuði til þriggja ára.

2.2.2. Kjarnaáhætta

Kjarnaáhætta er sú áhætta sem fylgir kjarnastarfsemi Orkuveitunnar en, í samræmi við skilgreiningu í eigendastefnu, er Orkuveitan þjónustu- og framleiðslufyrirtæki á sviði orkuframleiðslu og orkudreifingar og rekur einnig vatns- og fráveitu, gagnaflutningskerfi ásamt verkefnum á sviði kolefnisbindinga. Þar er því um að ræða

áhættu tengda hitaveitu, vatnsveitu, rafmagnsveitu, fráveitu, gagnaveitu, kolefnisföngun og bindingu, áhættu við orkuframleiðslu og orkusölu, svo og samkeppni á kjarnasviðum. Kjarnaáhætta stendur að mestu leyti utan áhættustýringar frá degi til dags en er veigamikið viðfangsefni við stefnumótun til framtíðar.

Þann 26. október 2026 samþykkti hluthafafundur Ljósleiðarans ehf. umboð til aðgerða sem geta leitt til breytinga á eignarhaldi Ljósleiðarans, með fyrirvara um staðfestingu eigenda Orkuveitunnar. Ekki er unnt að segja til um hvort eða með hvaða hætti eignarhaldi verður breytt, né hvaða áhrif það gæti haft á rekstur, efnahag og sjóðstreymi samstæðunnar. Sjá nánar kafla *5.1.7. Upplýsingar um starfsemi og fjármál*.

2.2.3. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er skilgreind sem hætta á tjóni eða skaða sem getur orðið vegna ófullnægjandi innri ferla eða kerfa, bilunar í búnaði, háttsemi starfsfólks eða vegna ytri þátta í rekstrarumhverfi.

Til að tryggja stöðugan og öruggan rekstur hefur Orkuveitan unnið með rekstraráhættur um árabil. Fyrirtækið fylgir formlegu ferli áhættustjórnunar þar sem áhættur eru skráðar í áhættugrunn. Rekstraráhættuferlið samanstendur af kortlagningu, áhættumati, stýringum og eftirfylgni.

Kortlagning: Mögulegar áhættur eru greindar með hugarflugsfundum og samtölum við forstöðufólk og sérfræðinga hverrar einingar. Skoðaðir eru innri og ytri þættir sem geta haft áhrif á starfsemi Orkuveitunnar með hliðsjón af eftirfarandi átta rekstraráhættuflokkum: Öryggi og heilsa, umhverfi og loftslag, gæði og rekstrartruflanir, upplýsingaöryggi, lög og reglugerðir, ímynd, uppskölun í tækni, rekstur/fjárhæð tjóna.

Áhættumat: Áhættur eru metnar út frá afleiðingum og líkum með aðstoð 5x5 áhættufylkis Orkuveitunnar, þar sem viðmið eru til staðar fyrir alla flokka rekstraráhættu. Áhættumatið er huglægt og er framkvæmt af þekkingaraðilum viðkomandi áhættu og er tillit tekið til sögu og reynslu fyrirtækisins. Þessi flokkun út frá áhættustigi aðstoðar við að forgangsraða áhættum.

Stýringar: Núverandi stýringar áhættu eru skráðar í áhættugrunn. Viðkomandi forstöðumanneskja tekur ákvörðun um hvort þurfi að fara í auknar stýringar út frá áhættustigi og gæðum núverandi stýringa. Krafa er um auknar stýringar ef áhætta er út fyrir ásættanleg mörk. Stýringar eru innleiddar í daglegan rekstur fyrirtækisins. Reglulegt eftirlit og endurskoðun tryggja að stýringar séu árangursríkar og aðlagist breytingum í rekstrarumhverfinu. Einnig eru árlegar úttektir gerðar á stýringum efstu áhætta til að tryggja að þær séu raunverulega til staðar og hafi tilætluð áhrif.

Eftirfylgni: Markvisst er unnið að lágmörkun áhættu í rekstri Orkuveitunnar. Árlega fer forstöðufólk yfir allar sínar áhættur í rekstraráhættugrunni til að meta árangur og gera nauðsynlegar breytingar.

Áhætturáð Orkuveitunnar er samráðsvettvangur áhættustjórnunar í umboði forstjóra. Áhætturáð ræðir nýjar áhættur, fer yfir áhættur utan marka, vaktar háar áhættur og breytingar sem á þeim verða. Fundir áhætturáðs eru haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði.

2.2.4. Tryggingar

Tryggingar Orkuveitunnar taka til eignatjóns og ábyrgðartjóns. Orkuveitan hefur hingað til ekki tryggt fyrir hugsanlegu tekjutapi sem gæti raungerst ef tjónsatvik leiðir til rekstrarstöðvunar einstaka rekstrareininga innan Orkuveitunnar. Viðvarandi rekstrarstöðvun til lengri tíma hjá stórum rekstrareiningum innan Orkuveitunnar getur haft neikvæð áhrif á getu Orkuveitunnar að standa við fjárskuldbindingar sínar. Áhætturáð Orkuveitunnar skoðar reglulega tilvik sem leitt geta til lengri tíma rekstrarstöðvanir hjá helstu rekstrareiningum.

3. SKILMÁLAR VERÐBRÉFANNA

Skilmálar verðbréfanna (einnig „**skilmálarnir**“) eru tilgreindir hér að neðan en þeir verða fullkláraðir í viðeigandi endanlegum skilmálum hverrar útgáfu. Skilmálarnir innihalda valmöguleika sem er lýst með skáletruðum texta í vinstri dálki eða innan hornklofa en upplýsingar, sem ekki eru þekktar við dagsetningu grunnlýsingarinnar, eru jafnframt innan hornklofa. Í viðeigandi endanlegum skilmálum mun útgefandi tilgreina hvaða valmöguleikar eiga við um hverja útgáfu með því að fylla inn þær upplýsingar sem ekki voru þekktar við dagsetningu grunnlýsingarinnar, þ.e. þær upplýsingar sem skilgreindar eru sem B og C upplýsingar í samræmi við 26. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 sem innleidd var með reglugerð 274/2020, um innleiðingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðeigandi endanlegir skilmálar hverrar útgáfu eru fullskilgreindir í endanlegum skilmálum sem verða birtir á vefsíðu útgefanda https://orkuveitan.is/um-or/fjarmal/grunnlysing-skuldabrefa-og-vixla-or/. Í endanlegum skilmálum skuldaskjalanna sem gefnir verða út undir útgáfurammanum er vísað í skilmála og er þá um að ræða tilvísanir í þá skilmála sem koma hér á eftir.

Grein 1: Á við í öllum tilfellum:	**1. Útgefandi** Orkuveita Reykjavíkur (Orkuveitan) Heimilisfang: Bæjarháls 1, 110 Reykjavík, Ísland Kennitala: 551298-3029 Sími: +354 516 6100 Vefsíða: www.or.is[2]

Grein 2: Á við í öllum tilfellum:	**2. Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill** Verðbréfin eru gefin út í íslenskri krónu. Gefin eru út verðbréf hverju sinni að því nafnverði útgáfu sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Þar er einnig tilgreint nafnverð áður útgefinna verðbréfa, hvort þau hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði og þá á hvaða markaði, heildarheimild til útgáfu verðbréfa í sama flokki ásamt nafnverðseiningum verðbréfanna. Ákvæði verðbréfanna sem vísa til verðbréfanna eða viðkomandi verðbréfaflokks og eigenda þeirra skulu taka til allra verðbréfa í viðkomandi flokki verðbréfa sem eru útistandandi á hverjum tíma og í eigu annarra en útgefanda eða aðila innan samstæðu útgefanda.

Grein 3: Á við í öllum tilfellum:	**3. Útgáfuform** Verðbréfin eru nafnbréf, gefin út rafrænt hjá þeirri verðbréfamiðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum (einnig „verðbréfamiðstöð“). Útgefandi afhendir frumkaupendum verðbréfin rafrænt í kerfi verðbréfamiðstöðvarinnar gegn staðgreiðslu skv. greiðslufyrirmælum frumsöluaðila. Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá verðbréfamiðstöð þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við verðbréfamiðstöðina og fela reikningsstofnuninni umsjón með verðbréfaeign sinni. Á vörslureikningi er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og greiðslur til eigenda. Engar hömlur eru á framsali verðbréfanna, en þó er einungis heimilt að framselja þau til nafngreinds aðila. Gagnvart útgefanda skoðast yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur skuldabréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa

[2] Upplýsingar á vefsíðu útgefanda eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.

	út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum skv. rafbréfi. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um hvers kyns breytingar á skilmálum verðbréfaflokks. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð ef greiðslufall verður á flokknum og skal í slíku tilviki senda verðbréfamiðstöð aðra tilkynningu þegar greiðsla hefur farið fram. Verðbréfin verða afskráð úr kerfum verðbréfamiðstöðvar sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda.

Grein 4: Á við í öllum tilfellum:	**4. Upplýsingar um eigendur verðbréfanna** Útgefanda er heimilt að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur verðbréfanna á hverjum tíma frá verðbréfamiðstöð og þeim reikningsstofnunum þar sem verðbréfin eru geymd á vörslureikningum. Útgefandi skal fara með upplýsingarnar sem trúnaðarmál og ekki afhenda þriðja aðila upplýsingarnar nema útgefanda beri skylda til samkvæmt lögum.

Grein 5: Á við í öllum tilfellum:	**5. Greiðsluform** Útgefandi mun með milligöngu verðbréfamiðstöðvar greiða af verðbréfunum höfuðstól, vexti og verðbætur, eftir því sem við á samkvæmt endanlegum skilmálum verðbréfanna, til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur verðbréfanna hafa falið vörslu á verðbréfum sínum. Greiðslur verða inntar af hendi í samræmi við skráða eign hvers verðbréfaeiganda einum degi fyrir hvern gjalddaga. Með vörslureikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Viðkomandi reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á vörslureikninga eigendanna, þar sem verðbréfin eru í vörslu. Útgefandi annast allan útreikning á greiðslum, þar með talið á afborgunum, vöxtum og verðbótum. Verði greiðslu vitjað eftir gjalddaga mun verðbréfaeiganda hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til þess dags er greiðslu er vitjað.

Grein 6: Ef verðbréfin eru verðtryggð skuldabréf á þessi kafli við:	**6. Verðtrygging**
Grein 6.1: Ef verðbréfin eru verðtryggð skuldabréf á eftirfarandi við:	Skuld skv. skuldabréfunum er bundin vísitölu neysluverðs sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum nr. 12/1995 („**verðtryggingarvísitalan**“) með grunnvísitölugildið sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Höfuðstóll skuldabréfanna breytist í hlutfalli við breytingar á verðtryggingarvísitölunni frá grunnvísitölugildi fram til vísitölugildis (eins og tilgreint er hér að neðan) á fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á milli síðari gjalddaga.

*Grein 6.1(a): Ef vísitölugildi er **dagvísitala** á eftirfarandi við:*	Vísitölugildi hvers gjalddaga er reiknað með línulegri brúun milli gildis verðtryggingar-vísitölunnar („dagvísitölu“) sem gildir í þeim mánuði sem viðkomandi gjalddagi tilheyrir og gildis verðtryggingarvísitölunnar í næsta mánuði þar á eftir. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga í hlutfalli við breytingar á vísitölunni, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Eftirfarandi jafna skilgreinir útreikning hvers dagvísitölugildis: $V_d^* = V_M + \frac{d}{D}(V_{M+1} - V_M)$ Þar sem: M = sá mánuður sem gjalddagi tilheyrir d = fjöldi daga frá upphafsdegi mánaðar M fram til gjalddaga, byggt á dagareglunni 30/360 D = fjöldi daga í mánuði M, byggt á dagareglunni 30/360 V_d* = dagvísitala á vaxtagjalddaga V_M = gildi verðtryggingarvísitölunnar í mánuði M V_{M+1} = gildi verðtryggingarvísitölunnar í næsta mánuði á eftir mánuði M
*Grein 6.1(b): Ef vísitölugildi er **mánaðar-vísitala** á eftirfarandi við:*	Vísitölugildi hvers gjalddaga er það gildi verðtryggingarvísitölu sem gildir í þeim mánuði sem viðkomandi gjalddagi tilheyrir.

Grein 7: Ef verðbréfin eru skuldabréf á þessi kafli við:	**7. Vextir**
Grein 7.1: Ef verðbréfin eru skuldabréf á eftirfarandi við:	Greiðsla vaxta skal vera með þeim hætti sem tilgreint er í endanlegum skilmálum skuldabréfanna. Ef gjalddagi vaxta lendir á degi þar sem bankar eru almennt lokaðir á Íslandi færist greiðsla vaxta til næsta dags á eftir þar sem slíkt á ekki við.
Grein 7.2: Ef skuldabréfin bera fasta vexti á eftirfarandi við:	Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðir útgefandi fasta ársvexti eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.
Grein 7.3: Ef skuldabréfin bera breytilega vexti á eftir-farandi við:	Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðast breytilegir vextir eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Breytilegu vextirnir eru ákvarðaðir af viðmiðunarvöxtum auk álags eða frádrags sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Fyrir hvert vaxtatímabil skal ákvarða gildi viðmiðunarvaxta sem gilda skal umrætt vaxtatímabil. Í endanlegum skilmálum er tiltekið með hve löngum ákvörðunarfyrirvara skal

	ákvarða gildið og er fyrirvarinn tiltekinn í fjölda daga fyrir upphaf tímabilsins og taka mið af skráningu viðkomandi viðmiðunarvaxta eins og tilgreint er í því upplýsingakerfi sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. (i) Viðmiðunarvextir taka mið af vöxtum á millibankamarkaði Í endanlegum skilmálum kemur fram við hvaða millibankavexti skuli miða og til hversu langs tíma. Verði birtingu viðkomandi viðmiðunarvaxta, sem tilgreindir eru í endanlegum skilmálum, hætt að öllu leyti eða fyrir þá lengd vaxtatímabila sem eiga við, skal útgefandi leggja til nýtt vaxtaviðmið sem tekur við af því, sem skal taka mið af vöxtum á sama markaði og á sambærilegum lánum að mati útgefanda. Hið breytta vaxtaviðmið skal borið undir fund skuldabréfaeigenda til samþykktar (ii) Viðmiðunarvextir taka mið af ávöxtunarkröfu á skuldabréfaflokk sem skráður er á skipulegan markað Í endanlegum skilmálum kemur fram við ávöxtunarkröfu hvaða skuldabréfaflokks skuli miðað, þ.e. auðkenni skuldabréfaflokksins, nafn og land skipulegs markaðar þar sem skuldabréfaflokkurinn hefur verið tekinn til viðskipta. Ef viðmiðunarflokkur er tekinn úr viðskiptum skal útgefandi bera nýjan viðmiðunarflokk undirfund skuldabréfaeigenda til samþykktar.
Grein 7.4: Ef skuldabréf á eftirfarandi við	Ef skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði innan þess tíma sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum eða ef þau verða tekin úr viðskiptum á skipulegum markaði, þá hækka vextir skuldabréfanna sjálfkrafa frá þeim tímapunkti í samræmi við það sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Hækkunin gengur til baka frá þeim tímapunkti að skuldabréfin eru tekin til viðskipta [aftur] á sama markaði.
Grein 7.5: Ef skuldabréf á eftirfarandi við:	Fyrsta vaxtatímabil hefst á útgáfudegi og lýkur á deginum fyrir upphafsdag annars vaxtatímabils eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Eftir það skal hvert vaxtatímabil vera ákveðnir dagar eða mánuðir til lokagjalddaga eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.
Grein 7.6: Ef skuldabréf á eftirfarandi við:	Útreikningur vaxta skal framkvæmdur miðað við þá dagareglu sem tilgreind er í endanlegum skilmálum.

Grein 8:	**8. Endurgreiðsla höfuðstóls**
Grein 8.1: Ef verðbréfin eru víxlar eða skuldabréf með einni afborgun höfuðstóls á eftirfarandi við:	Höfuðstóll verður endurgreiddur með einni greiðslu á þeim tíma sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum.
Grein 8.2: Ef verðbréfin eru skuldabréf með jafnar greiðslur höfuðstóls og	Höfuðstóll verður endurgreiddur með jafngreiðsluaðferð (e. annuity) eftir því sem greinir í endanlegum skilmálum, þar sem sagt er til um fjölda og tíðni afborgana, fyrstu greiðsludagsetningu og lokagjalddaga.

tegund vaxta er fastir vextir á eftirfarandi við:	
Grein 8.2(a): Ef verðbréfin eru skuldabréf með jafnar greiðslur verðtryggðs höfuðstóls á eftirfarandi við:	Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana á hverjum gjalddaga: $A = \frac{r(1+r)^{k-1}}{(1+r)^{n}-1} \times (h \times IR)$ Þar sem: A = fjárhæð hverrar afborgunar höfuðstóls h = höfuðstóll IR = $\frac{\text{vísitala á gjalddaga}}{\text{grunnvísitala}}$ r = grunnvextir / (fjöldi afborgana á ári) n = heildarfjöldi afborgana k = fjöldi greiddra afborgana + 1
Grein 8.2(b): Ef verðbréfin eru skuldabréf með jafnar greiðslur óverðtryggðs höfuðstóls á eftirfarandi við:	Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning vaxta og afborgana á hverjum gjalddaga: $A = \frac{r(1+r)^{k-1}}{(1+r)^{n}-1} \times h$ Þar sem: A = fjárhæð hverrar afborgunar höfuðstóls h = höfuðstóll r = grunnvextir / (fjöldi afborgana á ári) n = heildarfjöldi afborgana k = fjöldi greiddra afborgana + 1
Grein 8.3: Ef verðbréfin eru skuldabréf með jafnar afborganir höfuðstóls á eftirfarandi við:	Greiðsla höfuðstóls skal vera með jöfnum afborgunum eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum, þar sem sagt er til um fjölda og tíðni afborgana, fyrstu greiðsludagsetningu og lokagjalddaga.
Grein 8.3(a): Ef verðbréfin eru skuldabréf með jafnar afborganir verðtryggðs höfuðstóls á eftirfarandi við:	Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana á hverjum gjalddaga: $A = \frac{h}{n} \times IR$ Þar sem: A = fjárhæð hverrar afborgunar höfuðstóls h = höfuðstóll n = heildarfjöldi afborgana

	IR = $\frac{\text{vísitala á gjalddaga}}{\text{grunnvísitala}}$
Grein 8.3(b): Ef verðbréfin eru skuldabréf með jafnar afborganir óverðtryggðs höfuðstóls á eftirfarandi við:	Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana á hverjum gjalddaga: $A = \frac{h}{n}$ Þar sem: A = fjárhæð hverrar afborgunar höfuðstóls h = höfuðstóll n = heildarfjöldi afborgana
Grein 8.4: Ef verðbréfin eru skuldabréf með óreglulegu greiðsluflæði á eftirfarandi við:	Greiðsla höfuðstóls skal vera með óreglulegum hætti þannig að endurgreiðslan skal vera á tilteknum árafjölda sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum, en með endurgreiðsluferli afborgana sem væru jafnar yfir lengri árafjölda sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum, þar sem einnig er sagt til um fjölda og tíðni afborgana, fyrstu greiðsludagsetningu og lokagjalddaga. Á lokagjalddaga greiðast allar eftirstöðvar höfuðstóls
Grein 8.4(a): Á við ef höfuðstóll er endurgreiddur með óreglulegum hætti og verðtrygging er tilgreind:	Eftirfarandi jafna er notuð við **útreikning afborgana og lokagreiðslu** á hverjum gjalddaga: $A_{1\ldots n-1} = \frac{h}{m} * \text{IR}$ $L_n = \frac{(m-(n-1))}{m} * h * IR$ Þar sem: A = fjárhæð hverrar afborgunar höfuðstóls á gjalddögum 1 til n-1 L = fjárhæð lokagreiðslu höfuðstóls á gjalddaga n h = höfuðstóll skuldabréfanna n = heildarfjöldi afborgana af skuldabréfunum m = stuðull til ákvörðunar reglulegrar afborgunar, þar sem m ≥ n IR (Verðbótastuðull) = $\frac{\text{Vísitala á gjalddaga}}{\text{Grunnvísitala}}$
Grein 8.4(b): Á við ef höfuðstóll er endur-greiddur með óreglulegum hætti og verðtrygging er ekki tilgreind:	Eftirfarandi jafna er notuð við **útreikning afborgana og lokagreiðslu** á hverjum gjalddaga: $A_{1\ldots n-1} = \frac{h}{m}$ $L_n = \frac{(m-(n-1))}{m} * h$ Þar sem: A = fjárhæð hverrar afborgunar höfuðstóls á gjalddögum 1 til n-1 L = fjárhæð lokagreiðslu höfuðstóls á gjalddaga n h = höfuðstóll skuldabréfanna n = heildarfjöldi afborgana af skuldabréfunum

	m = stuðull til ákvörðunar reglulegrar afborgunar, þar sem m ≥ n
Grein 8.5: Ef skuldabréf og uppgreiðslu-heimild er ekki fyrir hendi á eftirfarandi við:	Útgefanda er óheimilt að taka einhliða ákvörðun um að endurgreiða höfuðstól verðbréfanna hraðar á líftíma verðbréfanna en samningsbundnar greiðslur skv. skilmálum verðbréfanna segja til um.
Grein 8.6: Ef skuldabréf og uppgreiðslu-heimild er fyrir hendi á eftirfarandi við:	Útgefanda er heimilt að umframgreiða skuldabréfin að hluta eða öllu leyti eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.

	9. Kröfur jafnrétthár (e. pari passu)
Grein 9: Ef við á um skulda-bréfaflokk:	Kröfur skuldabréfaeigenda á hendur útgefanda skv. skuldabréfunum skulu ávallt standa jafnar innbyrðis. Óheimilt er að inna af hendi greiðslu til skuldabréfaeigenda í þeim flokki sem skilmálar þessir taka til, nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda sama flokks. Kröfur skuldabréfaeigenda á hendur útgefanda skv. skuldabréfunum skulu á hverjum tíma vera jafnrétthár öðrum ótryggðum skuldbindingum útgefanda (þar með töldum skuldbindingum er njóta ábyrgðar eigenda útgefanda). Í kröfuröð skulu þær standa framar víkjandi kröfum en aftar skuldbindingum sem njóta lögmælts forgangs til greiðslu úr búi útgefanda umfram aðrar ótryggðar skuldbindingar. Ef útgefandi fyrirframgreiðir önnur lán, eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar, í heild eða hluta, sem upphaflega var veitt til lengri tíma en 5 ára, með öðrum hætti en með endur-fjármögnun sem hefur lánstíma, sem svarar að minnsta kosti til þess lánstíma sem eftir var af lánstíma þess láns sem var fyrirframgreitt, þá er skuldabréfaeigendum heimilt (með þeim hætti sem hér að neðan er lýst) að krefjast fyrirframgreiðslu í sama hlutfalli og hin fyrirframgreidda skuld hafði, samanborið við heildarskuldir útgefanda. Ef framangreint skilyrði til að krefjast fyrirframgreiðslu virkjast þá skal útgefandi án tafar upplýsa skuldabréfaeigendur um þær kringumstæður með tilkynningu sem birt skal fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvarinnar. Séu skuldabréfin til viðskipta á skipulegum markaði þá skal tilkynningin jafnframt birt opinberlega. Ef eigendur að lágmarki 5% skuldabréfanna (reiknað út frá eftirstandandi skuld skv. stöðu alls skuldabréfaflokksins og kröfufjárhæð skv. skuldabréfaeign hvers og eins í lok næsta virka dags áður en óskin er lögð fram, en ekki höfðatölu skuldabréfaeigenda) óska eftir því með sannanlegum hætti við útgefanda, innan 30 daga frá birtingu slíkrar tilkynningar, að eigendur skuldabréfanna fái slíka fyrirframgreiðslu þá skal útgefandi boða alla skuldabréfaeigendur til fundar með sama hætti og framangreind tilkynning skal send, með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara en hámarki fjögurra vikna fyrirvara. Réttur til fyrirframgreiðslu er háð því skilyrði að á þeim fundi hafi krafa um að fyrirframgreiðsla fari fram verið samþykkt af eigendum að lágmarki þess hlutfalls skuldabréfanna sem tiltekið er í endanlegum skilmálum (reiknað út frá eftirstandandi skuld skv. stöðu alls skuldabréfaflokksins og kröfufjárhæð skv. skuldabréfaeign hvers og eins í lok þess dags er boðað var til fundarins, en ekki höfðatölu skuldabréfaeigenda). Útgefandi, eða þeir fulltrúar hans sem hann tilnefnir, skal hafa rétt til að sitja fundinn og tjá sig. Fyrirframgreiðsla til allra eigenda skuldabréfanna samkvæmt framangreindu skal ekki fara fram ef lögmætur

	fundur skuldabréfaeigenda hefur hafnað því að krefjast fyrirframgreiðslu skv. framansögðu. Við þær kringumstæður skulu hins vegar þeir skuldabréfaeigendur sem óskuðu eftir því við útgefanda með sannanlegum hætti innan tilskilins frests að fyrirframgreiðsla ætti sér stað, eiga rétt innan 30 daga frá fundinum á að krefjast hlutfallslegrar fyrirframgreiðslu þeirra skuldabréfa sem þeir áttu í lok þess dags sem boðað var til fundarins og eiga enn er fyrirframgreiðslan á sér stað. Þrátt fyrir framangreind ákvæði um jafnréttháar kröfur hefur útgefandi heimild til að kaupa á markaði skuldabréf útgefin af honum sjálfum án þess að krafa vakni til að hann kaupi skuldabréf af öðrum eigendum. Slík endurkaup eru þó ekki heimil ef heimild hefur stofnast til gjaldfellingar skuldabréfanna eða útgefanda má vera ljóst að skilmálar þeirra verði brotnir með þeim hætti að heimild stofnist til gjaldfellingar.

	10. Bann við veitingu tryggingarréttinda
Grein 10: Ef við á um skulda-bréfaflokk:	Útgefanda er óheimilt að veita veð eða önnur tryggingarréttindi eða á annan hátt heimila tilvist hvers konar tryggingarráðstafana sem varða einhvern þátt af núverandi eða tilvonandi starfsemi útgefanda, skuldbindingar hans eða eignir eða tekjur. Útgefandi skal að sama skapi tryggja að aðrir lögaðilar innan samstæðu hans geri slíkt hið sama, þó að undanskildum Ljósleiðaranum ehf. Ekkert í framangreindri málsgrein skal teljast girða fyrir að eigendur útgefanda veiti nýjar ábyrgðir til einstakra lánardrottna útgefanda. Ekkert í framangreindri málsgrein skal teljast girða fyrir veitingu söluveðs eða annarra takmarkaðra eignarréttinda er varða grunneignarrétt að landi eða aðrar eignir, þá er þeirra eigna er aflað, enda hafi veiting slíkra takmarkaðra eignarréttinda eingöngu haft þann tilgang að veita veðtryggingu fyrir greiðslu kaupverðs slíkra eigna.

Grein 11:	**11. Löggjöf um útgáfuna**
Grein 11(a): Á við um skuldabréfa-flokk:	Um skuldabréfin gilda meðal annars lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og jafnframt óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar. Jafnframt gilda lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu eftir því sem við á. Kröfur samkvæmt skuldabréfum og kröfur sem skráðar hafa verið rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð fyrnast á tíu árum frá gjalddaga sé fyrningu ekki slitið innan þess tíma skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, með þeirri undantekningu að kröfur um vexti og verðbætur skuldabréfanna fyrnast á fjórum árum, skv. 3. og 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Ekki er lagt stimpilgjald á skuldabréfin við útgáfu þeirra.
Grein 11(b): Á við um víxla–flokk:	Um víxlana gilda víxillög nr. 93/1933 og lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Jafnframt gilda lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu eftir því sem við á. Kröfur sem skráðar hafa verið rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð fyrnast á tíu árum frá gjalddaga sé fyrningu ekki slitið innan þess tíma skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Þá gilda óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar. Ekki er lagt stimpilgjald á víxlana við útgáfu þeirra.

	12. Sérstök yfirlýsing
Grein 12: Ef við á um skuldabréfa—flokk:	Útgefandi lýsir því yfir: A. að hann hefur staðið lögformlega rétt að öllum þeim ákvörðunum sem nauðsynlegt var að taka af hans hálfu til að skuldbinda sig skv. ákvæðum skuldabréfanna og uppfylla ákvæðin og að þau séu því skuldbindandi fyrir hann að öllu leyti; B. að ákvæði skuldabréfanna brjóti á dagsetningu þessara endanlegu skilmála ekki í bága við nokkurn samning sem útgefandi er aðili að; C. að á dagsetningu þessara endanlegu skilmála séu allar fjárhagslegar skuldbindingar hans í skilum og engar gjaldfellingarheimildir séu virkar gagnvart honum; D. að hann hefur á dagsetningu þessara endanlegu skilmála ekki vitneskju um neinn réttarágreining, áform eigenda útgefenda, eða þætti í viðskiptasambandi útgefanda við viðskiptavini eða birgja, sem veikt gæti fjárhagsstöðu hans verulega eða hæfi hans til að uppfylla skyldur sínar skv. ákvæðum skuldabréfanna; E. að á dagsetningu þessara endanlegu skilmála sé hann skv. hans bestu vitneskju ekki til skoðunar hjá eftirlitsaðila eða opinberum aðila vegna brots eða mögulegs brots eða vanefnda á starfsskyldum; F. að engar upplýsingar sem koma fram í þessum endanlegu skilmálum, eða öðru efni sem útgefandi hefur gefið út í tengslum við efni þeirra, eru rangar eða ófullnægjandi að því marki sem fjárfestum má vera upplýsingarnar ljósar sem ekki koma fram í birtu efni útgefanda; G. með vísan til ákvæða skuldabréfanna um bann við veitingu tryggingarréttinda, að engar brigður hafi á dagsetningu þessara endanlegu skilmála verið bornar á eignarrétt útgefanda eða aðila innan samstæðu hans að eignum þessara aðila sem máli skipta fyrir hæfi útgefanda til að uppfylla skuldbindingar sínar skv. skuldabréfunum, og að í þeim tilvikum þar sem um takmarkaðan eignarrétt í formi veðtryggingar í slíkum eignum er að ræða, þá teljist sú takmörkun heimil samkvæmt undanþágu skilmála þessara fyrir veitingu veðréttinda í eignum útgefanda. H. að engar upplýsingar sem koma fram í þessum endanlegu skilmálum, eða öðru efni sem útgefandi hefur gefið út í tengslum við efni þeirra, eru rangar eða misvísandi.

	13. Vanefndir
Grein 13: Ef við á um skuldabréfa—flokk:	Vanefni útgefandi greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum ber honum að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir fyrsta dag vanskila. Hafi greiðsla vaxta, verðbóta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina skv. skuldabréfaflokknum í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Nýti skuldabréfaeigandi heimild til gjaldfellingar skal skuldabréfaeigandi þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda sem samdægurs skal koma tilkynningunni til verðbréfamiðstöðvarinnar og skipulegs markaðar þar sem skuldabréfin eru til viðskipta. Fyrir gjaldfallinni fjárhæð má eigandi nafnverðseininga í skuldabréfaflokki þessum, einnar einingar eða fleiri, gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms

	eða réttarsáttar, skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. laganna. Aðfararheimildin nær til útistandandi höfuðstóls skuldarinnar, verðbóta, vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar af innheimtuaðgerðum, sbr. 2. mgr. 2. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

Grein 14: Ef við á um skuldabréfa—flokk:	**14. Sérstakar gjaldfellingarheimildir**
Grein 14.1: Ef við á um skuldabréfa—flokk:	Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfella alla eftirstandandi skuld skuldabréfanna eins og hún er hverju sinni ef eitt eða fleiri eftirfarandi tilfella á við: A. Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, ef eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði, eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa. B. Ef önnur lán útgefanda eru gjaldfelld, eða ef gjaldfellingarheimild vaknar á önnur lán útgefanda, að því gefnu að um sé að ræða einstakar skuldbindingar eða samtölu að fjárhæð yfir viðmiðunarfjárhæð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum. C. Ef rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) er ekki jafn eða hærri en sem samsvarar höfuðstólsgreiðslum vaxtaberandi lána á sama tímabili auk nettó greiddra vaxtagjalda. Hlutfall þetta skal reiknast (i) við birtingu ársreiknings fyrir hvert undangengið fjárhagsár á líftíma skuldabréfaflokksins (fyrst fyrir það ár sem tilgreint er í endanlegum skilmálum og síðast fyrir það ár sem jafnframt er tilgreint í endanlegum skilmálum) og taka mið af samstæðureikningi útgefanda (sem móðurfélags ásamt dótturfélögum) sem endurskoðaður hefur verið í samræmi við alþjóðlega viðurkennda reikningsskilastaðla og (ii) við birtingu fjárhagsáætlunar fyrir hvert næsta fjárhagsár framundan á líftíma skuldabréfaflokksins (fyrst fyrir það ár sem tilgreint er í endanlegum skilmálum og síðast fyrir það ár sem jafnframt er tilgreint í endanlegum skilmálum) og taka mið af fjárhagsáætlun samstæðu útgefanda (sem móðurfélags ásamt dótturfélögum) sem staðfest er af stjórn útgefanda. D. Ef rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) er ekki að lágmarki tvöfalt hærri en sem samsvarar nettó greiddra vaxtagjalda á sama tímabili. Hlutfall þetta skal reikna (i) við birtingu ársreiknings fyrir hvert undangengið fjárhagsár á líftíma skuldabréfaflokksins (fyrst fyrir það ár sem tilgreint er í endanlegum skilmálum og síðast fyrir það ár sem jafnframt er tilgreint í endanlegum skilmálum) og taka mið af samstæðureikningi útgefanda (sem móðurfélags ásamt dótturfélögum) sem endurskoðaður hefur verið í samræmi við alþjóðlega viðurkennda reikningsskilastaðla og (ii) við birtingu fjárhagsáætlunar fyrir hvert næsta fjárhagsár framundan á líftíma skuldabréfaflokksins (fyrst fyrir það ár sem tilgreint er í endanlegum skilmálum og síðast fyrir það ár sem jafnframt er tilgreint í endanlegum skilmálum) og taka mið af fjárhagsáætlun samstæðu útgefanda (sem móðurfélags ásamt dótturfélögum) sem staðfest er af stjórn útgefanda. E. Ef meiriháttar breytingar verða á eignarhaldi útgefanda þannig að útgefandi verður ekki að meirihluta í eigu íslenskra sveitarfélaga. F. Ef útgefandi missir í einni aðgerð eða fleirum sérleyfi og/eða veitusvæði sem standa að baki 35% eða hærra hlutfalli af rekstrartekjum samstæðu útgefanda miðað við samþykktan ársreikning hans fyrir næstliðið fjárhagsár áður en slíkur missir á sér stað. G. Ef breyting er gerð á tilgangi útgefanda eða meginstarfsemi samstæðu útgefanda frá því sem er á útgáfudegi, sem (að mati fjórðungs skuldabréfaeigenda miðað við kröfufjárhæðir

	þeirra) gæti veikt fjárhagsstöðu hans verulega eða hæfi hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna. H. Ef brotið er gegn ákvæðum skuldabréfanna um að kröfur skuli jafn réttháar. I. Ef brotið er gegn ákvæðum skuldabréfanna um bann við veitingu tryggingarréttinda. J. Ef brotið er gegn ákvæðum sérstakrar yfirlýsingar útgefanda í þessum endanlegu skilmálum. K. Ef skuldabréfin hafa (i) ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði innan þess frests frá útgáfu skuldabréfanna sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum, eða (ii) eru tekin úr viðskiptum eftir að hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði án þess að vera þess í stað tekin til viðskipta á öðrum skipulegum markaði. L. Ef skuldabréfin hafa (i) ekki verið tekin til viðskipta á „sustainable bond“ markaði Nasdaq Iceland hf. innan 6 mánaða frá útgáfu skuldabréfanna, eða (ii) eru tekin úr viðskiptum eftir að hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði án þess að vera þess í stað tekin til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði. M. Ef útgefandi vanefnir sérstöku skilyrðin sem tilgreind eru í þessum endanlegu skilmálum og varða útgáfu grænna skuldabréfa.
Grein 14.2: Ef við á um skuldabréfa—flokk:	Ef eitthvert framangreindra skilyrða til gjaldfellingar er til staðar þá skal útgefandi án tafar upplýsa skuldabréfaeigendur með tilkynningu fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvarinnar og ef skuldabréfin eru til viðskipta á skipulegum markaði þá jafnframt með opinberri birtingu á tilkynningunni. Ef eigendur að lágmarki 5% skuldabréfanna (reiknað út frá eftirstandandi skuld skv. stöðu alls skuldabréfaflokksins og kröfufjárhæð skv. skuldabréfaeign hvers og eins í lok næsta virka dags áður en óskin er lögð fram, en ekki höfðatölu skuldabréfaeigenda) óska eftir því með sannanlegum hætti við útgefanda, innan 30 daga frá birtingu slíkrar tilkynningar, að gjaldfelling eigi sér stað þá skal útgefandi boða alla skuldabréfaeigendur til fundar með sama hætti og framangreind tilkynning skal send, með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara en hámarki fjögurra vikna fyrirvara. Gjaldfellingarheimild skv. þessari grein (Sérstakar gjaldfellingarheimildir) er háð því skilyrði að á framangreindum fundi skuldabréfaeigenda hafi gjaldfelling verið samþykkt af eigendum að lágmarki 25% skuldabréfanna (reiknað út frá eftirstandandi skuld skv. stöðu alls skuldabréfaflokksins og kröfufjárhæð skv. skuldabréfaeign hvers og eins í lok þess dags er boðað var til fundarins, en ekki höfðatölu skuldabréfaeigenda). Útgefandi, eða þeir fulltrúar hans sem hann tilnefnir, skal hafa rétt til að sitja fundinn og tjá sig á slíkum fundi. Sé gjaldfellingarheimild ekki lengur til staðar á fundardegi skal afboða fundinn.

	15. Skilmálabreyting
Grein 15: Ef við á um skuldabréfa—flokk:	Breyting á skilmálum skuldabréfanna er háð samþykki útgefanda og því skilyrði að allir skuldabréfaeigendur hafi sannarlega verið boðaðir til fundar, með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara en hámarki fjögurra vikna fyrirvara, og að á þeim fundi hafi skilmálabreyting verið samþykkt með „almennu samþykkishlutfalli“ eins og það hugtak er skilgreint í endanlegum skilmálum. Samþykki útgefanda og „aukins samþykkishlutfalls“ eigenda, eins og framangreint hugtak er skilgreint í endanlegum skilmálum, þarf þó til skilmálabreytingar skuldabréfanna sem felur í sér breytingu á gjaldmiðli eða fjárhæð útistandi höfuðstóls, ákvæði varðandi fyrirframgreiðslu, verðtryggingu eða vaxtakjör. Samþykkishlutfalla, almennt og aukið, skal reiknað út frá eftirstandandi skuld skv. stöðu alls skuldabréfaflokksins og kröfufjárhæð skv.

	skuldabréfaeign hvers og eins í lok þess dags er boðað var til fundarins, en ekki höfðatölu skuldabréfaeigenda. Útgefandi skal boða slíkan fund og hafa þeir fulltrúar hans, sem hann tilnefnir, rétt til að sitja fundinn og tjá sig fyrir hans hönd á slíkum fundi. Ef skuldabréfin eru til viðskipta á skipulegum markaði þá skal útgefandi birta fundarboðið opinberlega.

	16. Ágreiningsmál
Grein 16: Á við í öllum tilfellum:	Rísi dómsmál út af verðbréfum þessum, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

	17. Hlunnindi
Grein 17: Á við í öllum tilfellum:	Engin hlunnindi eru tengd verðbréfunum umfram það sem skilmálar þeirra segja til um.

	18. Skattaleg meðferð
Á við í öllum tilfellum:	Um skattalega meðferð verðbréfanna fer samkvæmt gildandi skattalögum á Íslandi á hverjum tíma. Skattalög aðildarríkis fjárfestisins og skráningarlands útgefanda, sem er á Íslandi, geta haft áhrif á tekjur af verðbréfunum. Um skuldbindingar vegna staðgreiðslu fjármagnstekna og nánar um skattaleg atriði fer eftir því sem greinir í endanlegum skilmálum.

	19. Græn skuldabréf
Grein 19 : Ef við á um skuldabréfa—flokk:	Skuldabréfin eru gefin út sem svokölluð „græn skuldabréf“ í þeim tilgangi að fjármagna eða endurfjármagna græn verkefni eða eignir í samræmi við ramma Orkuveitunnar um græn skuldabréf, Reykjavik Energy Green Financing Framework (hér eftir nefndur „græni fjármögnunarramminn“ eða „græni ramminn“). Græni fjármögnunarramminn eins og hann er á hverjum tíma er birtur á heimasíðu Orkuveitunnar, www.or.is., og er dagsetning hans tilgreind í endanlegum skilmálum hverrar útgáfu. Grænn fjármögnunarrammi Orkuveitunnar felur í sér að stefnt er að því að öll fjármögnun samstæðunnar sé græn, hvort heldur sem er skuldabréfaútgáfa eða lántaka af öðru tagi. Alþjóðlega matsfyrirtækið S&P hefur veitt óháð álit (e. second opinion, hér eftir nefnt „álit S&P“) á græna rammanum sem er í gildi við undirritun grunnlýsingarinnar og gefur honum hæstu einkunn; „Dark Green“. Flokkunarreglugerð ESB hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Orkuveitan fellur undir gildissvið flokkunarreglugerðar ESB og hefur innleitt efni hennar inn í græna rammann. Samkvæmt áliti S&P uppfyllir öll sú starfsemi sem áformað er að fjármagna innan rammans kröfur flokkunarreglugerðar ESB, ljósleiðarasambönd eru þó ekki sérstaklega skilgreind í flokkunarreglugerð ESB og fellur starfsemi Ljósleiðarans utan gildissviðs flokkunarreglugerðarinnar. Ljósleiðarasambönd eru talin stuðla óbeint að sjálfbærni með því að bæta orkunýtni fjarskipta og auka stafræna tengingu. Hins vegar er þessi þáttur oft hluti af breiðari flokki fjarskiptainnviða og ekki greindur sérstaklega, þar sem umhverfisleg áhrif ljósleiðara tengjast frekar þjónustum sem byggja á þeim. Reglugerðin hefur tilhneigingu til að forgangsraða atvinnugreinum með augljósan og beinan umhverfisávinning, eins og hreinni orkuvinnslu eða kolefnisföngun. Græn verkefni Ljósleiðarans falla því öll undir græna ramma Orkuveitunnar og eru þau sérstaklega skilgreind í rammanum. Tæknistaðlar flokkunarreglugerðar ESB hafa ekki allir verið fullkláraðir og geta tekið breytingum, og gætu því innihaldið nánari viðmið um fjarskipti í framtíðinni ef sambandið milli þeirra og sjálfbærnimarkmiða verður skýrara. Staðall fyrir evrópsk græn skuldabréf (European Green Bond Standard) hefur ekki verið tekinn upp í íslenskan rétt, en Orkuveitan hefur þó innleitt efni hans í græna rammann. Orkuveitan birtir áhrifaskýrslu í lok hvers árs vottuð af óháðum tilnefndum endurskoðenda. Með samstæðuársreikningi ársins 2025 birti Orkuveitan í þriðja skipti upplýsingar úr fjárhagsbókhaldi í samræmi við flokkunarreglugerð ESB. Fjárfestum er í þessu samhengi einkum bent á kaflann *Flokkunarreglugerð ESB* í skýrslu stjórnar sem fylgdi ársreikningi samstæðu Orkuveitunnar 2025. Græni ramminn fylgir einnig svokölluðum „Green Bond Principles“, viðmiðum útgefnum af ICMA, Alþjóðasamtökum aðila á verðbréfamarkaði, sem og Green Bond and Loan Principles (2021) og Climate Bond Standard (V3.0, 2019) viðmiðum útgefnum af Climate Bond Initiative. Græni ramminn byggir á fjórum stoðum: 1) skilgreiningu grænna verkefnaflokka, 2) valferli grænna verkefna, 3) meðferð fjármuna og 4) skýrslugjöf til fjárfesta. Fjármögnun eða endurfjármögnun grænna verkefna innan Orkuveitunnar byggir á fjármögnun efnahagsreiknings samstæðunnar en ekki fjármögnun einstakra hæfra verkefna. Það er einkum vegna þess að rekstur Orkuveitu samstæðunnar liggur beint og óbeint alfarið í grænni starfsemi, s.s. úthlutun og dreifing endurnýtanlegrar jarðvarmaorku, kolefnisbinding, landuppbygging o.fl. Litið er á öll verkefni og eignir á efnahagsreikningi Orkuveitu samstæðunnar, sem ekki falla undir útilokunarviðmið Orkuveitunnar, sem græn verkefni. Verkefni sem falla undir útilokunarviðmið Orkuveitunnar eru ekki fjármögnuð með grænum skuldabréfum.

	Í græna fjármögnunarrammanum eru útlistuð verkefni og eignir á efnahagsreikningi sem tengjast kjarnastarfsemi dótturfélaga og hvernig þau verkefni samræmast Green Bond Principles og flokkunarreglugerð ESB. Þessir verkefnaflokkar skýra hvernig félög innan samstæðu Orkuveitunnar samræmast Green Bond Principles og flokkunarreglugerðinni við fjármögnun eigna og verkefna á efnahagsreikningi þeirra. Söluandvirði, eða fjárhæð sem jafngildir andvirðinu, verður notað til að fjármagna eða endurfjármagna fjárfestingar og kostnað, að heild eða í hluta á hæfum eignum og verkefnum. Samstæða Orkuveitunnar heldur græna skrá yfir öll græn verkefni á efnahagsreikningi skipulagsheildarinnar og hefur Orkuveitan sett sér leiðbeinandi tilmæli á samstæðugrunni um flokkun grænna verkefna í hinum græna fjármögnunarramma. Samstæða Orkuveitunnar leitast við að ráðstafa að fullu andvirði hvers kyns fjármögnunar innan 36 mánaða frá fjármögnunardegi. Samstæðan leitast við að úthluta fjármagninu á viðurkennd græn verkefnasöfn. Óráðstafað nettóandvirði getur þó tímabundið verið sett á grænan bankareikning skipulagsheildarinnar. Samstæða Orkuveitunnar veitir fjárfestum sínum sem og öðrum hagaðilum árlega úthlutunar- og áhrifaskýrslu sem er hluti af ársskýrslu samstæðunnar og er aðgengileg almenningi á vefsíðu Orkuveitunnar, www.or.is. Í áhrifaskýrslu kemur fram hvernig andvirði grænnar fjármögnunar hefur raunverulega verið ráðstafað, þ.e. úthlutun græns fjármagns til grænna eigna, flokkuð eftir viðmiðum græna rammans, auk ófjárhagslegra upplýsinga áhrifavísa, aðferðarfræði og niðurstöður. Heildstæðar upplýsingar um skuldabréfin fást með því að skoða saman grunnlýsingu útgefanda, endanlega skilmála skuldabréfanna, græna fjármögnunarrammann, álit S&P og útgáfulýsingu skuldabréfaflokksins og skilmála þessa. Fyrrgreind skjöl og önnur lykilskjöl eru aðgengileg á vefsíðu útgefanda, www.or.is.

	20. Sérstakar yfirlýsingar
Grein 20 : Ef við á um skuldabréfa—flokk:	*Nýting fjármagns:* Útgefandi skal nýta andvirði fjármagns sem hann móttekur vegna útgáfu skuldabréfanna í græn verkefni eða eignir í samræmi við ramma Orkuveitunnar um græn skuldabréf, Reykjavik Energy Green Financing Framework.

	21. Eigin bréf
Grein 21: Ef við á um skuldabréfa-flokk	Eigin bréf útgefanda og/eða tengdra aðila veita útgefanda ekki atkvæðisrétt við ákvarðanir skuldabréfaeiganda samkvæmt skilmálum þessum og skulu þau skuldabréf ekki talin með við útreikning á atkvæðisrétti.

4. FORM ENDANLEGRA SKILMÁLA

Endanlegir skilmálar

[Auðkenni verðbréfanna]

gefnir út af Orkuveitu Reykjavíkur (LEI númer 5493004ARP9VPUIX5B73)

í samræmi við 170.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa og víxla án eigendaábyrgðar

dagsettan 27. janúar 2025.

[Númer útgáfu]. útgáfa flokks

Útgáfudagur verðbréfanna: *[●]*

Gengi við sölu verðbréfanna: *[●]*

(„verðbréfin“ eða [„skuldabréfin“] / [„víxlarnir“])

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 2. nóvember 2026 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 170.000.000.000 kr. útgáfuramma Orkuveitu Reykjavíkur (einnig „Orkuveitan“).

Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu útgefanda, www.or.is/um-or/fjarmal. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf útgefin af honum með því að lesa saman grunnlýsinguna, mögulega viðauka við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dags. 2. nóvember 2026. *[Samantekt í tengslum við útgáfu verðbréfanna er að finna í hluta III í endanlegum skilmálum þessum.]*

Hluti I: Skilmálar

1. Útgefandi

Orkuveita Reykjavíkur. Grein 1 gildir um verðbréfin.

2. Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

Grein 2 gildir um verðbréfin.

Útgáfugjaldmiðill verðbréfanna: ISK

Nafnverð útgáfu: [●] .

Nafnverðseiningar: Verðbréfin eru gefin út í einingum sem hver er *[•]* kr. að nafnverði.

Áður útgefin verðbréfi í flokki: [[Áður hafa verið gefin út [og tekin til viðskipta] verðbréf að nafnverði [*höfuðstólsfjárhæð áður útgefinna verðbréfa*].] / [Ekki hafa áður verið gefin út verðbréf í sama flokki].]

Heildarheimild flokks: [●] . Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

3. Útgáfuform

Grein 3 gildir um verðbréfin.

Verðbréfamiðstöð: [*Lögformlegt heiti, kennitala, heimilisfang og staður verðbréfamiðstöðvar*] sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerninga („verðbréfamiðstöð“).

4. Upplýsingar um eigendur verðbréfanna

Grein 4 gildir um verðbréfin.

5. Greiðsluform

Grein 5 gildir um verðbréfin.

6. Verðtrygging

[Engin verðtrygging:

[Skuldabréfin eru óverðtryggð.] / [Á ekki við.]]

[Verðtrygging:

Skuldabréfin eru verðtryggð og gilda greinar 6.1 og [6.1(a) / 6.1(b)] um þau.

Grunnvísitölugildi: [●] þann [*dagsetning*], [*dagvísitala*] / [*mánaðarvísitala*].]

7. Vextir

[Á ekki við]

Grein 7.1 gildir um skuldabréfin. Greiðsla vaxta skal vera [[á [●] [*daga / mánaða*] fresti, fyrir undangengið vaxtatímabil, í fyrsta sinn þann [*dagsetning*] og í síðasta sinn á lokagjalddaga þann [*dagsetning*]] / [með einni greiðslu á lokagjalddaga]].

Form vaxta: [Fastir vextir og gildir grein 7.2 um skuldabréfin.] / [Breytilegir vextir og gildir grein 7.3 um skuldabréfin.]

[Fastir vextir:

Fastir ársvextir eru [●]%.

[Ef skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, innan [●] mánaða frá útgáfudegi skuldbréfanna eða ef þau verða tekin úr viðskiptum á skipulegum markaði, þá hækka vextir skuldabréfanna sjálfkrafa frá þeim tímapunkti um [●] prósentustig

[Breytilegir vextir:

Viðmiðunarvextir: [*Tilgreindir vextir á millibankamarkaði*] til [*tilgreindur tími*]. / [Ávöxtunarkrafa á skuldabréf í flokknum [*auðkenni flokks*] sem skráður er á skipulegan markað [[í] / [á]] landi þar sem viðmiðunarflokkur er skráður].

([●] punkta), eða í [●]% fasta vexti á ári.] Grein 7.4 gildir um skuldabréfin.]	[*Álag / Frádrag*]: [●]% Ákvörðunarfyrirvari viðmiðunarvaxta: [●] dagar. Upplýsingakerfi viðmiðunarvaxta: [●]. [Ef skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, innan [●] mánaða frá útgáfudegi skuldabréfanna eða ef þau verða tekin úr viðskiptum á skipulegum markaði, þá hækka vextir skuldabréfanna sjálfkrafa frá þeim tímapunkti um [●] prósentustig ([●] punkta ofan á framangreinda breytilega vexti).] Grein 7.4 gildir um skuldabréfin.]

Fyrsta vaxtatímabil hefst á útgáfudegi og lýkur [*dagsetning*]. Vaxtatímabil frá og með öðru tímabili er [●] [*dagar / mánuður / mánuðir*]. Grein 7.5 gildir um skuldabréfin.

Dagregla: [*Dagregla tilgreind.*]. Grein 7.6 gildir um skuldabréfin.

8. Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls: [Höfuðstóll verður endurgreiddur í einu lagi þann [*dagsetning*]. Grein 8.1 gildir um [*skuldabréfin / víxlana*]. / [Jafnar greiðslur og gilda greinar 8.2 og [8.2.(a)]/[8.2.(b)] um skuldabréfin.] / [Jafnar afborganir og gilda greinar 8.3 og [8.3(a)] / [8.3(b)] um skuldabréfin.] / [Óreglulegar afborganir og gilda greinar 8.4 og [8.4(a) / 8.4(b)] um tilhögun og útreikning afborgana.]]

[Fjöldi og tíðni afborgana (um [*jafnar afborganir / eina afborgun / jafnar greiðslur*] er að ræða): [[[●] afborganir á [● *mánaða / daga*] fresti allt fram til lokagjalddaga.] / [Ein afborgun.]]]

[Fjöldi og tíðni afborgana (um óreglulegar afborganir er að ræða): [[●] afborganir á [● *mánaða / daga*] fresti með endurgreiðsluferli höfuðstóls sem væri jafnt yfir [●] [*ár / mánuði*] þannig að á hverjum gjalddaga fram að lokagjalddaga greiðist [●/●] af höfuðstólnum og á lokagjalddaga greiðast [●/●] af höfuðstól, sem samsvarar eftirstöðvum höfuðstólsins]].

Fyrsta greiðsla afborgana: [*Dagsetning*].

Lokagjalddagi: [*Dagsetning*].

Uppgreiðsluheimild: [Grein 8.5 gildir um skuldabréfin og er uppgreiðsluheimild því ekki fyrir hendi.] / [Grein 8.6 gildir um skuldabréfin. Útgefanda er því heimilt að umframgreiða skuldabréfin að hluta eða öllu leyti [en þó aldrei lægri fjárhæð en [●] í hvert sinn]]. Umframgreiðsla er einungis heimil á eftirfarandi hátt:

> Umframgreiðsla er heimil [[*dagsetning*] / [*á eftirfarandi dagsetningum / tímabilum:* [●].]]
>
> [Útgefandi skal greiða umframgreiðslugjald af fjárhæð þeirri sem fer umfram samningsbundna afborgun höfuðstóls og vaxta. Umframgreiðslugjald er [*fast* [●]% */ breytilegt á eftirfarandi hátt:* [●].]]

9. Kröfur jafnréttháar (e. pari passu)

[Grein 9 gildir ekki um skuldabréfin] / [Grein 9 gildir um skuldabréfin] / [Á ekki við].

[Samþykkishlutfall fyrirframgreiðslu: [●]]

10. Bann við veitingu tryggingarréttinda

[Grein 10 gildir ekki um skuldabréfin] / [Grein 10 gildir um skuldabréfin] [Á ekki við].

11. Löggjöf um útgáfuna

[Grein 11.(a) gildir um skuldabréfin] / [Grein 11.(b) gildir um víxlana].

12. Sérstök yfirlýsing

[Á ekki við] / [Grein 12 gildir ekki um skuldabréfin] / [Eftirfarandi stafliðir greinar 12 gilda um skuldabréfin: [A], [B], [C], [D], [E], [F], [G], [H]].

13. Vanefndir

[Á ekki við] / [Grein 13 gildir ekki um skuldabréfin] / [Grein 13 gildir um skuldabréfin].

14. Sérstakar gjaldfellingarheimildir

[Á ekki við] / [Grein 14 gildir ekki um skuldabréfin] / [Eftirfarandi stafliðir greinar 14.1 gilda um skuldabréfin: [A], [B], þar sem viðmiðunarfjárhæðin er kr. [•] [en sú fjárhæð er bundin verðtryggingarvísitölunni, með sama grunnvísitölugildi og höfuðstóll skuldabréfanna á útgáfudegi, og breytist hún með sama hætti frá einum tíma til annars og höfuðstóll skuldabréfanna], [C] þar sem fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar ársreiknings skal vera fyrir árið [•] og síðast fyrir árið [•] og fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar fjárhagsáætlunar skal vera fyrir árið [•] og síðast fyrir árið [•], [D] þar sem fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar ársreiknings skal vera fyrir árið [•] og síðast fyrir árið [•] og fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar fjárhagsáætlunar skal vera fyrir árið [•] og síðast fyrir árið [•], [E], [F], [G], [H], [I], [J], [K] þar sem frestur til töku til viðskipta á skipulegum markaði skal vera innan [•] mánaða frá útgáfu, [L], [M]. Jafnframt gildir grein 14.2 um skuldabréfin.]

15. Skilmálabreyting

[Á ekki við] / [Grein 15 gildir ekki um skuldabréfin] / [Grein 15 gildir um skuldabréfin og telst samþykki eigenda að lágmarki [•]% skuldabréfanna vera „almennt samþykkishlutfall“ en samþykki eigenda [•]% skuldabréfanna telst „aukið samþykkishlutfall“].

16. Ágreiningsmál

Grein 16 gildir um verðbréfin.

17. Hlunnindi

Grein 17 gildir um verðbréfin.

18. Skattaleg meðferð

Grein 18 gildir um verðbréfin. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af [[vaxtatekjum skuldabréfanna] / [vaxtatekjum eða afföllum]] og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Eigendur verðbréfanna bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af verðbréfunum.

19. Græn skuldabréf

[Grein 19 gildir ekki um skuldabréfin.] / [[Grein 19 gildir um skuldabréfin] Dagsetning græna fjármögnunarrammans er [*dagsetning*]].

20. Sérstök skilyrði

[Grein 20 gildir ekki um skuldabréfin.] / [Grein 20 gildir um skuldabréfin.]

21. Eigin bréf

[Grein 21 gildir ekki um skuldabréfin.] / [Grein 21 gildir um skuldabréfin.]

Hluti II: Aðrar upplýsingar

1.	**Skráning og taka til viðskipta**	
	Skráning og taka til viðskipta:	[[[Óskað hefur verið / óskað verður] eftir því að verðbréf í flokknum [*ISIN númer flokks*] að nafnvirði [nafnvirði verðbréfa] verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt.] / [Verðbréf í flokknum [*ISIN númer flokks*] að nafnvirði [*nafnvirði verðbréfa*] eru þegar í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. [Óskað hefur verið / óskað verður] eftir að aukning verðbréfaflokksins að nafnvirði [*nafnvirði verðbréfa*] verði einnig tekin til viðskipta á sama markaði.] / [Á ekki við.]] [Aukning að nafnvirði [*nafnvirði verðbréfa*] verður ekki tekin til viðskipta þar sem þau verðbréf eru gefin út til eigin nota í tengslum við samningsskuldbindingar gagnvart viðskiptavaka verðbréfaflokksins og eru þau verðbréf óseld.] / [Á ekki við.] [[Útgefandi]/[*Nafn aðila sem óskar eftir töku til viðskipta annar en útgefandi*], [*heimilisfang aðila*], [*símanúmer aðila*], [*LEI kóði aðila*]] [hefur óskað / mun óska] eftir töku til viðskipta]. / [Á ekki við.]
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	[*dagsetning*]
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	[[●] / [Á ekki við.]]
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	[*Lögformlegt heiti ráðgjafa og hlutverk*]
2.	**Upplýsingar um hagsmuni sem tengjast útgáfunni, þ.m.t. hugsanlega hagsmunaárekstra**	
	[[Að undanskildum kostnaði greiddum til [*nafn söluaðila og/eða umsjónaraðila*] er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu verðbréfaflokksins.] / [*Tilgreinið aðra hagsmuni sem skipta máli fyrir útgáfu og sölu verðbréfaflokksins ásamt upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna.*]]	
3.	**Áætaður fyrir útboði, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðs eftir því sem við á**	
	Áætaða fyrir útboði/sölu:	[●]

	Áætlaður heildarkostnaður útgefanda:	[●]
	Áætlað nettósöluandvirði:	[●]
	Áætluð notkun ágóða:	[●] / [Fjármögnun grænna verkefna í samræmi við grænan ramma Orkuveitunnar um græn skuldabréf, Reykjavik Energy Green Financing Framework]
4.	**Ávöxtunarkrafa**	
	Ávöxtunarkrafa við frumsölu:	[●] [Ávöxtunarkrafa er reiknuð út frá gengi verðbréfanna.]
5.	**Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á**	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	[[*Undirliggjandi viðmiðunarvextir ásamt því hvar finna megi upplýsingar um þróun þeirra í fortíð og framtíð.*] / [Á ekki við.]
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	[[*Upplýsingar um heiti verðtryggingavísitölu og hvar finna megi upplýsingar um hana.*] / [Á ekki við.]]
6.	**Heimild til útgáfu**	
	Orkuveitan getur, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og víxla samtals að útistandandi fjárhæð allt að 170 ma.kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari, að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlýsing. [[Verðbréfin sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefin út skv. heimild stjórnar þann [*dagsetning heimildar*] [og felld undir útgáfurammann við stofnun hans].] / [Núgildandi útgáfuáætlun nemur allt að [*fjárhæð og tímabil áætlunar*].]] Verðbréf að nafnvirði [nafnvirði verðbréfa] hafa verið seld og [[eru að fullu greidd] / [er gjalddagi á greiðslu fyrir þau þann [*dagsetning*]]]. [Verðbréf að nafnvirði [nafnvirði verðbréfa] eru gefin út til eigin nota í tengslum við samningsskuldbindingar gagnvart viðskiptavaka verðbréfaflokksins og eru óseld.] / [Á ekki við.]	
7.	**Auðkenni**	
	ISIN númer:	[●]
	CFI númer:	[●]
	FISN númer:	[●]
	Auðkenni:	[●]
8.	**Lánshæfismat**	
	Ef við á skal tilgreina lánshæfiseinkunn og veita stutta skýringu á merkingu lánshæfiseinkunnar:	[Á ekki við] / [Lánshæfi [skuldabréfanna/víxlanna] sem gefin verða út hefur verið metið af [nafn matsfyrirtækis.] Lánshæfiseinkunn þeirra er [Tilgreinið einkunn og skýringu á henni.]]
9.	**Upplýsingar frá þriðja aðila**	

	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	[●]
10.	**Tilkynning um viðkomandi grunnlýsingu**	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu	[●]

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur

[dagsetning]

_____ [_____]

[Nafn og titill þess sem undirritar] [Nafn og titill þess sem undirritar]

Hluti III: Samantekt

(Ef skuldabréfin eru gefin út í nafnverðseiningum sem eru lægri en sem nemur jafngildi 100.000 evra skal bæta samantekt við endanlegu skilmálana. Samantektin skal útbúin í samræmi við 7. gr. lýsingarreglugerðarinnar 2017/1129 og 9. gr. framseldrar reglugerðar 2019/979.)

5. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

5.1. Starfsemi og skipulag

5.1.1. Útgefandi

Lögheiti	Orkuveita Reykjavíkur
Viðskiptaheiti	Orkuveitan, OR
Kennitala	551298-3029
Stofndagur og lögform	1. janúar 2002, sbr. lög um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001, sbr. einnig lög um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 136/2013. Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki.
Höfuðstöðvar og lögheimili	Bæjarháls 1, 110 Reykjavík, Ísland
Heimasíða	www.or.is[3]
Tölvupóstfang	or@or.is
Símanúmer	+354 516 6100
LEI kóði	5493004ARP9VPUIX5B73

5.1.2. Lagaumhverfi og eigendur

Útgefandi starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur og reglugerðar 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum. Lögin endurspegla ákvarðanir eigenda um kjarnastarfsemi. Sameignarsamningur er gerður á grundvelli 5. gr. framangreindra laga, en hann er ígildi samþykkta Orkuveitu Reykjavíkur og kveður m.a. á um helstu stjórnarhætti félagsins.

Kjarnastarfsemi Orkuveitunnar varðar almannahagsmuni og felst í rekstri mikilvægra innviða. Orkuveitan og dótturfélög stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig hafa Orkuveitan og dótturfélög með höndum starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnaðfyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra gastegunda í jörðu.

Með lögum nr. 58/2008 um breytingar á raforkulögum nr. 65/2003 var útgefandinn skyldaður til félagsaðskilnaðar á sérleyfis- og samkeppnishluta raforkustarfseminnar.

Um starfsemi útgefanda og dótturfélaga hans gilda m.a. orkulög nr. 58/1967, raforkulög nr. 65/2003, reglugerð 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga, reglugerð nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar, lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga, lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, reglugerð nr. 982/2010 um fráveitur sveitarfélaga, svo og lög nr. 70/2022 um fjarskipti.

Með lögum nr. 45/2026 um breytingu á raforkulögum, sem taka að hluta gildi 1. janúar 2027, voru innleiddar breytingar sem varða raforkuviðskipti og heildsöluorkumarkað. Breytingarnar fela meðal annars í sér skilgreiningar á heildsöluorkuafurðum, heildsöluorkumarkaði, markaðsaðilum, viðskiptafyrirmælum og viðskiptavettvangi raforku og eru liður í innleiðingu regluverks um heiðarleika og gagnsæi á heildsöluorkumörkuðum, svonefnds REMIT-regluverks. Regluverkið leggur áherslu á gagnsæi, eftirlit með viðskiptum og bann við innherjasvikum og markaðssvikum á heildsöluorkumörkuðum. Það kann að hafa áhrif á starfsemi þeirra félaga innan samstæðu Orkuveitunnar sem teljast markaðsaðilar eða eiga í viðskiptum með

[3] Upplýsingar á vefsíðu útgefanda eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.

heildsöluorkuafurðir, meðal annars með auknum kröfum um innri ferla, upplýsingagjöf, skýrslugjöf og meðferð innherjaupplýsinga.

Útgefandi er í eigu þriggja íslenskra sveitarfélaga: Reykjavíkurborg með 93,539% eignarhlut, Akraneskaupstaður með 5,528% og Borgarbyggð með 0,933%. Eigendur hafa gert með sér sameignarsamning sem tryggir ríka minnihlutavernd smærri eigenda. Auk þess hefur verið sett eigendastefna sem tryggir að umboðskeðja og boðleiðir séu virtar við ákvarðanatöku og hvaða ákvarðanir skuli hljóta samþykki eigenda. Stjórn Orkuveitunnar er valin af borgarstjórn Reykjavíkur sem skipar fimm stjórnarmenn og bæjarstjórn Akraneskaupstaðar sem skipar einn stjórnarmann. Borgarbyggð tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í stjórn. Reykjavíkurborg skipar stjórnarformann. Almennur grundvöllur að starfsemi og stjórnskipulagi sveitarfélaga er markaður með sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum en hér hefur verið greint frá. Útgefanda er ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í útgefanda.

Athygli er til að mynda vakin á ákvæðum í framangreindri löggjöf er varða takmarkaða ábyrgð eigenda á skuldbindingum útgefanda, skilyrði um meirihlutaeigu sveitarfélaga, ríkis og/eða fyrirtækja í eigu þessara aðila, aðskilnað starfsemi á grunni sérleyfa og samkeppni, veitusvæði útgefanda, sérleyfi í veiturekstri og skylduverkefni sveitarfélaga sem framseld eru til útgefanda, mat á verði til sveitarfélags sem kynni að nýta innlausnarrétt á kerfi og fastafjármunum veitustarfsemi, slit félagsins ef til kæmi, gjaldskrá, tekjumörk og lögveð veitustofnana í fasteignum viðskiptavina.

Jafnframt er vakin athygli á lögbundnum takmörkunum á framsali á auðlindum skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og sem og eignarhaldi erlendra aðila á virkjunarréttindum jarðhita og fyrirtækja sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu, skv. lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og öðrum takmörkunum samkvæmt lögum nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Þá taka lög nr. 84/2026 um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu gildi 1. janúar 2027 og kunna, eftir atvikum, að leiða til tilkynningar- eða samþykkisskyldu vegna erlendra fjárfestinga.

Samstæðan er tekjuskattskyld, nema sá hluti starfseminnar sem lýtur að rekstri vatnsveitu og fráveitu, sem er háður lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og lögum nr. 9/2009 um rekstur fráveitna. Rekstur hitaveitu er háður orkulögum nr. 58/1967, m.a. um arðsemi. Sá hluti rafmagnsins sem fellur undir sérleyfisrekstur samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 er háður tekjumörkum samkvæmt ákvörðun Orkustofnunar.

Miðill	***Opinberar kvaðir um starfsemi***
Hitaveita	Um sérleyfisveitur gildir að ráðherra staðfestir gjaldskrá sem öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.
Rafveita, dreifing	Orkustofnun er send gjaldskrá til skoðunar á samræmi við tekjumörk. Birta skal gjaldskrá opinberlega.
Rafveita, framleiðsla	Samkeppni er um orkusölu og því eru verðbreytingar á orkuhluta rafmagnsverð ekki háðar samþykki stjórnvalda.
Vatnsveita	Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Birta skal gjaldskrá í Stjórnartíðindum.
Fráveita	Gjaldskrá skal standa undir öllum kostnaði. Birta skal gjaldskrá í Stjórnartíðindum.
Ljósleiðari	Samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Fjarskiptastofu.

Orkuveitan starfar eftir eigendastefnu sem staðfest var þann 25. apríl 2014, stefnan er samstarfssáttmáli eigenda og verða ekki gerðar á henni breytingar nema í samkomulagi þeirra, samþykktar af sveitarstjórnum og staðfestar á eigendafundi. Í kjölfarið samþykktu eigendur og stjórn Orkuveitunnar hvaða fjárhagslegu mælikvarða skildi taka mið af og hvaða gildum þeir skyldu ná svo skilyrði um greiðslu arðs væru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu. Þannig myndast í senn markmið sem tryggja traustan fjárhag Orkuveitunnar og viðmið um arðgreiðslur sem ógna ekki fjárhagsstyrk félagsins. Undir lok árs 2025 skipuðu eigendur Orkuveitunnar eigendanefnd og settu henni erindisbréf. Helstu verkefni nefndarinnar eru rýni og mótun tillagna að endurskoðun eigendastefnu, m.a. með hliðsjón af nýrri heildarstefnu Orkuveitunnar og mótun tillagna að breytingum á lögum, reglugerð,

sameignarsamningi, samþykktum og félagaformi, eftir því sem þörf krefur. Starfi nefndarinnar á að ljúka fyrir árslok 2026 og tillögur nefndarinnar verða lagðar fyrir sveitar stjórnir eigenda til samþykktar.

5.1.3. Inngangur

Tilgangur útgefanda og dótturfélaga skv. lögum nr. 136/2013 er vinnsla, framleiðsla og sala raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig önnur sú starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi útgefanda, þ.m.t. geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra gastegunda í jörðu.[4]

Orkuveitan er móðurfélag í samstæðu útgefanda. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum dótturfélög þess sem öll eru í eigu móðurfélagsins. Orkuveitan er háð dótturfélögum sínum á þeim grundvelli. Innan móðufélagsins er haldið utan um fjármál samstæðu og dótturfélaga, innkaup, tekjustýringu og reikningagerð, mannauð og upplýsingatækni. Þá sinnir vísindafólk rannsóknum og nýsköpun fyrir dótturfélög. Innan móðurfélags eru jafnframt sérfræðieiningar sem veita forystu og þjónustu t.d. hvað varðar öryggi og heilsu, umhverfis- og loftlagsmál, lögfræði- og samskiptamál. Fyrrgreind þjónusta er fjármögnuð af dótturfélögum í gegnum þjónustusamninga við móðurfélag. Helstu rekstrarfélög samstæðunnar, þar sem kjarnastarfsemi samstæðunnar fer fram, eru Orka náttúrunnar ohf., ON Power ohf., Veitur ohf., Carbfix hf og Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. sem móðurfélagið á í gegnum eignarhaldsfélagið OR eignir ohf., Vatns- og fráveita sf. og Ljósleiðarinn ehf. Orkuveitan telst eining innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

Orkuveitan er orku- og veitufyrirtæki sem að stærstu leyti starfar á raforku- hitaveitu- og fjarskiptamarkaði, rekur veitukerfi og byggir starfsemi sína á ábyrgri og hagkvæmri nýtingu auðlinda landsins. Hlutverk fyrirtækisins er veiturekstur og orkuöflun sem leggja grunn að lífsgæðum fólks í samfélaginu þar sem áhersla er lögð á virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. Fyrirtækið kappkostar að mæta þörfum viðskiptavina með góðri þjónustu á sanngjörnu verði, traustum veiturekstri og hlýju viðmóti. Orkuveitan veitir þjónustu í gegnum dótturfélögin Veitur ohf., Orku náttúrunnar ohf., ON Power ohf. og Ljósleiðarann ehf. en þau sjá einstaklingum og fyrirtækjum fyrir vatni, rafmagni, fráveitu og gagnaflutningi. Tilgangur Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. er að stuðla að frekari þróun og útbreiðslu Carbfix kolefnisbindingaraðferðarinnar með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftslagsbreytingum. Hefðbundin veituþjónusta nær til 22 sveitarfélaga á sunnan- og vestanverðu landinu og þjónustar um 75% íslensku þjóðarinnar. Samstæða Orkuveitunnar á og rekur þrjár virkjanir, þ.e. jarðgufuvirkjanirnar á Nesjavöllum, sem er í eigu og rekstri Orku náttúrunnar ohf. og Hellisheiði, sem er í eigu og rekstri ON Power ohf., ásamt vatnsaflsvirkjun í Andakílsá í Borgarfirði, sem er í eigu og rekstri Orku náttúrunnar ohf. Uppsett afl í varma og rafmagni þessara virkjana er samtals um 864 MW.

5.1.4. Samandregnar fjárhagsupplýsingar

Hér á eftir fara fjárhagsupplýsingar úr ársreikningum samstæðu Orkuveitunnar frá ársbyrjun 2023 til ársloka 2025.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér vel eftirtalda ársreikninga sem allir eru felldir inn með tilvísun í grunnlýsingu þessa og mynda órjúfanlega heild hennar, samanber kafla *6.3 Upplýsingar felldar inn með tilvísun,* og þar með talið að lesa allar skýringar, meðal annars lýsingar á reikningsskilaaðferðum: Ársreikningar samstæðunnar fyrir árin 2023, 2024 og 2025 sem voru endurskoðaðir og áritaðir af Grant Thornton endurskoðun ehf. (2023, 2024 og 2025) án fyrirvara og ábendinga.

Rekstrarreikningur og heildarafkoma 2023, 2024 og 2025

(þúsundir króna)	**2025**	**2024**	**2023**
Rekstrartekjur	68.581.906	66.591.502	60.510.641
Innlausn álvarna	(166.456)	152.473	632.381

[4] Sjá einnig gr. 2.1 í sameignarsamningi eigenda Orkuveitunnar.

Söluhagnaður	28.355	37.976	26.337
Rekstrartekjur samtals	**68.443.805**	**66.781.952**	**61.169.358**
Orkukaup og orkuflutningur	(6.448.564)	(7.191.229)	(7.264.400)
Laun og launatengd gjöld	(11.092.658)	(10.724.400)	(9.799.488)
Annar rekstrarkostnaður	(10.643.921)	(9.804.020)	(8.404.698)
Rekstrarkostnaður samtals	**(28.185.142)**	**(27.719.649)**	**(25.468.586)**
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	**40.258.663**	**39.062.303**	**35.700.772**
Afskriftir	(17.484.641)	(16.830.274)	(15.797.262)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	**22.774.021**	**22.232.029**	**19.903.510**
Vaxtatekjur	1.312.691	1.055.993	573.409
Vaxtagjöld	(13.625.909)	(13.816.458)	(14.606.144)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og –skuldum	3.138.786	523.018	909.225
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	**(9.174.431)**	**(12.237.447)**	**(13.123.511)**
Áhrif hlutdeildarfélaga	2.976	3.939	(36)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	13.602.567	9.998.521	6.779.964
Tekjuskattur	(2.083.445)	(689.453)	(380.010)
Hagnaður ársins	11.519.122	9.309.068	6.399.954
Önnur heildarafkoma			
Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning			
Endurmat, hækkun	21.589.853	2.974.065	16.933.584
Tekjuskattur af endurmati	(3.252.207)	(594.813)	(2.710.069)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu	0	0	575.000
	18.337.647	2.379.252	14.798.515
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:			
Þýðingarmunur	(6.821.426)	1.059.721	(2.764.695)
Önnur heildarafkoma eftir skatta	**11.516.220**	**3.438.972**	**12.033.819**
Heildarafkoma	**23.035.342**	**12.748.040**	**18.433.773**

Efnahagur í árslok 2023, 2024 og 2025

(þúsundir króna)	**31.12.2025**	**31.12.2024**	**31.12.2023**
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	475.262.068	449.315.631	430.996.271
Óefnislegar eignir	7.006.283	6.246.068	5.950.008
Leigueign	2.365.818	2.346.362	2.293.737
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	91.643	88.667	81.228
Eignarhlutar í öðrum félögum	6.230.898	6.243.980	55.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	2.472.133	406.754	1.914.127
Áhættuvarnarsamningar	0	63.086	50.239
Tekjuskattseign	5.978.833	6.166.858	4.792.026

Fastafjármunir	**499.407.676**	**470.877.406**	**446.133.316**
Birgðir	1.793.214	1.632.118	1.706.770
Verk í vinnslu			416.817
Viðskiptakröfur	7.389.894	7.829.583	6.580.535
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	1.238.391	275.913	15.306
Eignahlutir til sölu	0	0	6.207.000
Áhættuvarnarsamningar	0	94.574	218.901
Aðrar skammtímakröfur	1.167.572	927.652	1.086.871
Fyrirframgreiddur kostnaður	718.274	283.101	382.182
Markaðsverðbréf	15.364.438	11.594.110	8.670.016
Handbært fé	10.827.295	16.438.122	10.342.367
Veltufjármunir	**38.499.080**	**39.075.173**	**35.209.949**
Eignir samtals	**537.906.756**	**509.952.579**	**481.343.265**
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna	140.971.351	127.809.202	130.534.225
Bundinn hlutdeildarreikningur	108.080.431	94.950.622	82.377.266
Bundið eigið fé vegna þróunar	320.361	218.177	137.330
Gangvirðisreikningur	5.807.000	5.807.000	5.807.000
Þýðingarmunur	3.017.188	9.838.598	8.778.883
Óráðstafað eigið fé	24.071.886	27.108.582	31.348.927
Eigið fé móðurfyrirtækis	282.268.217	265.732.181	258.983.631
Hlutdeild minnihluta	(913)	(219)	290
Eigið fé samtals	**282.267.305**	**265.731.962**	**258.983.922**
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	191.144.457	184.597.864	165.248.925
Leiguskuld	2.363.640	2.308.413	2.227.221
Lífeyrisskuldbinding	724.633	739.347	721.527
Áhættuvarnarsamningar	355.333	10.643	110.834
Fyrirframinnheimtar tekjur	1.694.761	1.873.970	1.817.841
Tekjuskattsskuldbinding	25.449.668	23.153.094	23.064.598
Langtímaskuldir	**221.732.491**	**212.683.332**	**193.190.946**
Viðskiptaskuldir	3.762.409	3.924.652	4.010.900
Vaxtaberandi skuldir	20.949.416	19.958.999	16.928.649
Leiguskuld	172.448	177.887	176.490
Áhættuvarnarsamningar	746.177	117.432	82.057
Fyrirframinnheimtar tekjur	287.123	266.018	383.835
Tekjuskattur til greiðslu	2.846.141	2.812.055	1.887.042
Aðrar skammtímaskuldir	5.143.247	4.280.241	5.699.424
Skammtímaskuldir	**33.906.960**	**31.537.285**	**29.168.397**
Skuldir samtals	**255.639.451**	**244.220.617**	**222.359.343**
Eigið fé og skuldir samtals	**537.906.756**	**509.952.579**	**481.343.265**

Sjóðstreymisyfirlit 2023, 2024 og 2025

(þúsundir króna)	**2025**	**2024**	**2023**

Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	11.519.122	9.309.068	6.399.954
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	9.174.431	12.237.447	13.123.511
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	(2.976)	(3.939)	36
Tekjuskattur	2.083.445	689.453	380.010
Afskriftir	17.484.641	16.830.274	15.797.262
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(28.355)	(37.976)	(26.337)
Lífeyrisskuldbinding, (lækkun) hækkun	(10.715)	21.820	58.067
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	**40.219.593**	**39.046.146**	**35.732.502**
Birgðir, lækkun (hækkun)	(161.096)	74.652	1.048.369
Verk í vinnslu, hækkun			(416.817)
Skammtímakröfur, hækkun	(578.304)	(1.082.821)	(887.857)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	1.173.092	280.040	(486.660)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	**40.653.284**	**38.318.017**	**35.406.355**
Innborgaðar vaxtatekjur	1.229.544	1.065.593	590.870
Greidd vaxtagjöld	(8.335.396)	(8.037.389)	(7.039.761)
Greiddir vextir v. uppgjörs gjaldmiðlasamninga (dómsmál)	0	0	(2.578.937)
Móttekinn arður	162.181	122.466	191.155
Greiðslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda	0	0	(173.354)
Greiddir skattar	(2.287.726)	(1.744.015)	(1.476.383)
Handbært fé frá rekstri	**31.421.887**	**29.724.672**	**27.672.235**
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(32.144.907)	(29.930.261)	(27.226.197)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(1.697.361)	(2.968.600)	(1.602.703)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	73.311	144.176	137.893
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	0	(3.300)	0
Sala á eignarhlutum í félögum	17.484	0	0
Breyting á markaðsverðbréfum	(2.795.534)	(2.024.862)	3.008.322
Fjárfestingarhreyfingar	**(36.547.006)**	**(34.782.848)**	**(25.682.685)**
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán	27.980.041	34.509.164	30.120.839
Afborganir langtímaskulda	(21.702.858)	(17.324.222)	(24.580.559)
Fyrirframinnheimar tekjur	(52.489)	(33.934)	1.896.603
Greiddur arður	(6.500.000)	(6.000.000)	(5.500.000)
Afborganir leiguskulda	(105.121)	(118.304)	(149.522)
Fjármögnunarhreyfingar	**(380.426)**	**11.032.705**	**1.787.361**
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	**(5.505.546)**	**5.974.529**	**3.776.911**
Handbært fé í byrjun árs	16.438.122	10.342.367	6.650.749
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(105.281)	121.226	(85.293)
Handbært fé í lok árs	**10.827.295**	**16.438.122**	**10.342.367**
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri	30.461.746	29.113.463	27.464.676

Lykiltölur 2023, 2024 og 2025

(þúsundir króna)	**2025**	**2024**	**2023**
Rekstrartekjur	68.443.805	66.781.952	61.169.358
Rekstrarkostnaður	(28.185.142)	(27.719.649)	(25.468.586)
EBITDA	40.258.663	39.062.303	35.700.772
Rekstrarhagnaður (EBIT)	22.774.021	22.232.029	19.903.510

EBITDA framlegð	58,8%	58,5%	58,4%

(þúsundir króna)	**31.12.2025**	**31.12.2024**	**31.12.2023**
Nettó vaxtaberandi skuldir	185.902.140	176.524.631	163.165.191
Eigið fé	282.267.305	265.731.962	258.983.922
Vaxtaþekja (Handb.fé frá rekstri + greiddir vextir)/greiddir vextir	4,8	4,7	4,8
Veltufjárhlutfall*	1,1	1,2	1,2
Eiginfjárhlutfall	52,5%	52,1%	53,8%

EBITDA = Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir; EBIT = Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta;

*án innbyggðra afleiðna meðal skammtímaskulda eða veltufjármuna

5.1.5. Lánshæfismat

Tvö matsfyrirtæki hafa gefið Orkuveitunni lánshæfiseinkunn. Moody‘s og Fitch Ratings hafa staðfestu innan Evrópusambandsins og verið skráð í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins nr. 1060/2009 og tók skráningin gildi í báðum tilvikum þann 31. október 2011.

Moody‘s september 2021, uppfært maí 2026: Lánshæfiseinkunn útgefanda Baa3 með stöðugum horfum.

Fitch Ratings, apríl 2021: Lánshæfiseinkunn útgefanda BBB- með stöðugum horfum.

Meðan grunnlýsingin er í gildi er heimilt að skoða skýrslur um lánshæfismat sem vísað er til sem skjöl til sýnis en slíkt aðgengi er veitt með birtingu skjalanna á vefsíðu útgefandans samanber kafla *6.4. Skjöl til sýnis.* Til hægðarauka er tilgreind slóð á heimasíðu útgefanda þar sem viðkomandi skjal er að finna.

5.1.6. Ágrip af sögu útgefanda

Ár	**Helstu atburðir**
1909	Vatnsveita Reykjavíkur tekur til starfa. Vatnið er í fyrstu sótt í Elliðaárnar en síðar í Gvendarbrunna.
1921	Rekstur Rafmagnsveitu Reykjavíkur hefst þegar Elliðaárstöð er tekin í notkun.
1928	Borun hefst eftir heitu vatni við Þvottalaugarnar í Laugardag, Reykjavík.
1930	Hitaveita tekur til starfa í Reykjavík þegar fyrstu hús í Reykjavík eru hituð með vatni úr Laugardal.
1933	Bæjarstjórn Reykjavíkur tryggir sér hitaréttindi að Reykjum í Mosfellsdal og hefur rannsóknir á svæðinu.
1937	Ljósafossvirkjun í Sogi er tekin í notkun.
1943	Fyrsta húsið tengist hitaveitunni frá Reykjum og í kjölfarið er Reykjavík hitaveituvædd.
1947	Ríkið, Reykjavíkurbær og Hafnafjörður hefja jarðhitarannsóknir í Henglinum. Andakílsvirkjun er tekin í gagnið en virkjunin leysir af hólmi vélknúnar rafstöðvar á Akranesi, í Borgarnesi og nálægu dreifibýli.
1953	Írafossstöð í Soginu hefur rekstur.
1958	Ríkið og Reykjavíkurborg festa kaup á gufubor sem gjörbyltir jarðvarmanýtingu, jafnt á lághita- og háhitasvæðum. Áratugina á eftir er gufuborinn nýttur til að afla aukins heits vatns með því að endurvirkja lághitasvæðin í Laugarnesi, Reykjum og Reykjahlíð og boranir hafnar með honum í Elliðaárdal.
1959	Steingrímsstöð, þriðja og síðasta Sogstöðin, hefur rekstur.
1965	Landsvirkjun er stofnuð af ríki og Reykjavíkurborg. Markmið hennar er að sjá suður- og vesturlandi fyrir raforku, meðal annars með virkjun Þjórsár. Reykjavíkurborg leggur Sogsvirkjanirnar inn í fyrirtækið á móti vatnsréttindum ríkisins í Þjórsá og eignast tæpan helming í Landsvirkjun. Síðar bætist

Akureyrarkaupstaður í hóp eigenda með því að Laxárstöð er lögð til Landsvirkjunar. Sama ár kaupir Reykjavíkurborg jörðina Nesjavelli til jarðhitanýtingar.

1971 Um 98% Reykvíkinga eru komnir með aðgang að hitaveitu.

1977 Hætt er að skrá íbúa án rafmagns í opinberum tölum og telst Ísland því vera fullrafvætt.

1979 Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar er stofnuð um nýtingu vatns úr Deildartunguhver til húshitunar.

1990 Hitaveitan á Nesjavöllum er tekin í notkun þar sem grunnvatn er hitað upp og flutt til höfuðborgarsvæðisins.

1999 Tvö veitufyrirtæki renna saman í Orkuveitu Reykjavíkur. Raforkudreifingin nær á komandi árum til liðlega helmings landsmanna í fimm sveitarfélögum við Faxaflóa; Reykjavík, Kópavogi, Mosfellsbæ, Akranesi og Garðabæ.

2000 Vatnsveita Reykjavíkur sameinast Orkuveitu Reykjavíkur.

2002 Hitaveita Akraness og Borgarbyggðar sameinast Orkuveitu Reykjavíkur. Leggja Akurnesingar rafveitu sína og Andakílsárvirkjun inn í sameinað félag.

2006 Rafmagnsframleiðsla hefst í Hellisheiðarvirkjun. Afl fyrsta áfangans er 90 MW en fullbyggð getur hún orðið um 300 MW í rafmagni og 400 MW í varmafli. Sama ár tekur Orkuveita Reykjavíkur við fráveitum og þar með við því lögbundna hlutverki sveitarfélaganna að byggja upp og reka fráveitur. Áfram er haldið miklum endurbótum á fráveitukerfum.

2007 Gagnaveita Reykjavíkur (nú Ljósleiðarinn) stofnuð.[5]

2010 Fyrsti áfangi hitaveitu frá Hellisheiðarvirkjun er tekin í notkun en aukin framleiðsla á heitu vatni til hitaveitu er ein frumforsenda þess að Hellisheiðarvirkjun er reist.

2011 Aðgerðaáætlun eigenda og Orkuveitu Reykjavíkur, Planið svonefnda, er innleidd með það að markmiði að bæta sjóðstreymi fyrirtækisins. Markmiðið náðist mitt ár 2015 með aðhaldi í rekstri, sölu eigna, lækkun fjárfestingarkostnaðar og leiðréttingu gjaldskráa.

2012 Orkuveitu Reykjavíkur er sett eigendastefna.

2014 Orkuveitu Reykjavíkur er skipt upp að lagaboði. Dótturfélögin Orka náttúrunnar og ON Power, sem sjá um framleiðslu og sölu á rafmagni, og Veitur ohf., sem reka vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu,líta dagsins ljós.

2016 Planinu lýkur. Tæplega 6 ára áætlun Orkuveitu Reykjavíkur og eigenda fyrirtækisins til að endurreisa fjárhag fyrirtækisins lýkur og skilar 20% meiri árangri en ráðgert var í upphafi.

2019 Orkuveita Reykjavíkur stofnar opinbert hlutafélag, Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf., um kolefnisbindingu. Markmið félagsins er meðal annars að ná auknum árangri í loftslagsmálum.

2022 Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. stofnar Carbfix hf. rekstrarfélag og Coda terminal verkefnafélag til uppbyggingar móttöku- og förgunarmiðstöðva fyrir koldíoxíð.

2023 Ný heildarstefna Orkuveitunnar kynnt, ásamt nýrri ásýnd og endurmörkun vörumerkis, þar sem viðskiptaheitið Orkuveitan tekur við af daglegri notkun heitisins Orkuveita Reykjavíkur.

2023 Orkuveitan kynnir áform um hugsanlega nýtingu vindorku í nágrenni Hellisheiðarvirkjunar.

2025 ON endurnýjar raforkusölusamninga við Norðurál á afhendingu 150 megavatta af raforku á ári til allt að 5 ára í USD. Álverðstenging raforkuverðs er afnumin. Þess í stað er raforkusöluverð tengt verðlagsbreytingum í Bandaríkjunum (US CPI).

[5] Nú Ljósleiðarinn ehf. sbr. breyting á heiti félagsins sem samþykkt var á hluthafafundi árið 2021.

5.1.7. Upplýsingar um starfsemi og fjármál

Upplýsingar um skipulag samstæðu, starfsemi og fjármál samstæðunnar eru felldar inn í grunnlýsingu þessa með tilvísun og mynda órjúfanlega heild hennar, sbr. kafla *6.3 Upplýsingar felldar inn með tilvísun.* Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér vel upplýsingar í skjölunum sem byggja á reglulegri upplýsingagjöf útgefanda. Sjá sérstaklega eftirtalin skjöl:

- Ársreikningur samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2025 https://orkuveitan.overcastcdn.com/documents/%C3%81rsreikningur-Orkuveitunnar-2025-is.pdf.pdf.pdf
- Óendurskoðað árshlutauppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrri árshelmings 2026 https://orkuveitan.overcastcdn.com/documents/Orkuveitan-samandreginn-samst%C3%A6%C3%B0u%C3%A1rshlutareikningur-30.6.2026-is.pdf

a. Þróun og horfur

Engar mikilvægar breytingar hafa orðið á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda eða samstæðunnar frá dagsetningu síðustu birtu reikningsskila, árshlutareiknings fyrri árshelmings ársins 2026.

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda eða samstæðunnar síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil félagsins voru birt þann 6. mars 2026, sbr. endurskoðaður ársreikningur samstæðu útgefanda fyrir árið 2025.

Ekki hafa orðið neinar verulegar breytingar á fjárhagslegri afkomu samstæðu útgefanda frá lokum síðasta fjárhagstímabils sem fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar um, sbr. árshlutareikning samstæðu á fyrstu sex mánuðum ársins 2026, sem var birtur þann 31. ágúst 2026.

Þann 26. október 2026 samþykkti hluthafafundur Ljósleiðarans ehf., að fengnu umboði stjórnar Orkuveitunnar, að veita umboð til aðgerða sem geta leitt til breytinga á eignarhaldi Ljósleiðarans. Samþykktin er með fyrirvara um staðfestingu eigenda Orkuveitunnar, þ.e. Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar, á eigendafundi Orkuveitunnar, sem skipaður er fulltrúum sveitarfélaganna þriggja. Á dagsetningu grunnlýsingar þessarar hefur eigendafundur ekki staðfest samþykktina. Umboðið, hljóti það staðfestingu eigenda, verður í höndum forstjóra Orkuveitunnar sem fer með hlutafé Orkuveitunnar í Ljósleiðaranum. Umboðið er víðtækt og miðar að því að hámarka verðmæti Ljósleiðarans fyrir eigendur. Niðurstaðan getur meðal annars orðið áframhaldandi eignarhald Orkuveitunnar, að nýir fjárfestar eignist félagið að hluta eða í heild, eða að það verði skráð á markað.

b. Málaferli og ágreiningsmál

Vegna umfangs og stærðar útgefanda kunna útgefandi og dótturfélög hans á hverjum tíma að vera aðili að ágreiningsmálum sem upp koma af hálfu útgefanda eða á hendur honum. Þannig eru nokkur lögfræðileg ágreiningsmál sem tengjast útgefanda í stjórnsýslu- eða dómsmeðferð, eða hafa lotið slíkri meðferð á síðustu tólf mánuðum, og eru þau helstu rakin hér að neðan. Ágreiningsmálin eru ekki talin hafa haft eða hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda eða samstæðunnar umfram þær upplýsingar sem koma fram hér og í ársreikning samstæðu fyrir árið 2025.

Í apríl 2025 skrifuðu Orkuveitan, ON Power og Norðurál undir nýjan samning um sölu á raforku til álversins á Grundartanga. Samningurinn er til allt að fimm ára og leysir af hólmi eldri raforkusölusamninga á milli Orkuveitunnar og Norðuráls. Samkomulagið felur jafnframt í sér að Orkuveitan og Norðurál leggja af málarekstur fyrir gerðardómi vegna mismunandi túlkunar aðila á ákvæðum fyrri samnings.

Þann 21. október 2025 varð rekstrartruflun hjá Norðuráli á Grundartanga þegar bilun kom upp í tveimur spennum. Framleiðsla álversins stöðvaðist að hluta og tekur Norðurál aðeins við óverulegum hluta af samningsbundnu magni. Norðurál er einn stærsti viðskiptavinur ON Power eins af dótturfélögum Orkuveitunnar og hefur stöðvunin því umtalsverð áhrif á rekstur ON Power og þar með á rekstur Orkuveitunnar. Aðilum kemur ekki saman um hvort Norðuráli beri að standa við kaupskyldu samnings og greiða fyrir samningsbundið magn þrátt fyrir að veita því ekki viðtöku en Norðurál ber fyrir sig Force Majeure aðstæður. Slíku hefur ON Power hafnað og hafa Orkuveitan

og ON Power hafið gerðardómsmeðferð til að fá úr því skorið. Uppkeyrsla álversins hófst í apríl 2026 og gert er ráð fyrir að fullu afli verði náð á fjórða ársfjórðungi 2026.

Þá er uppi óvissa um greiðsluskyldu ON Power gagnvart Landsneti vegna flutnings samningsaðila og byggir hún á áþekkum forsendum og að framan greinir. ON Power hefur hingað til einungis greitt fyrir flutt orkumagn og mældan afltopp síðan rekstrarbilun Norðuráls átti sér stað. Á uppgjörsdegi er mismunurinn á greiddum reikningum og þeim sem hafa verið útgefnir af Landsneti rúmar 404 milljónir kr. frá því í október 2025. Enn er beðið formlegra viðbragða frá Landsneti um afstöðu fyrirtækisins en þrátt fyrir það má gera ráð fyrir að málið fari í ágreining og að leysa þurfi það fyrir dómstólum.

Undanfarin misseri hefur verið stefnt að sölu eignarhlutar Orkuveitunnar í Landsneti, þar sem í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Í árslok 2020 samþykkti stjórn Orkuveitunnar að viljayfirlýsing um breytingu á eignarhaldi Landsnets yrði undirrituð og að ganga til viðræðna um sölu eignarhlutarins. Ekki hefur tekist að ganga frá sölu á hlut Orkuveitunnar þrátt fyrir lagaskyldu þar um. Bókfært verð eignarhlutarins er metið á 6,2 milljarða kr. 30.06.2026. Eignarhluturinn er færður meðal fastafjármuna. Orkuveitan hefur hafið að nýju samtal við fjármálaráðuneytið um möguleg kaup þess á eignarhlutnum.

Sjá einnig skýringu 38. um önnur mál í ársreikningi samstæðu útgefanda fyrir árið 2025 og skýringu 14 um önnur mál í samandregnum árshlutareikning útgefanda fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2026.

Engin önnur mál en nefnd eru að ofan eru til staðar (þ.m.t. þau sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) á a.m.k. síðustu 12 mánuðum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar. Engir aðrir atburðir eftir reikningsskiladag hafa veruleg áhrif á ársreikninginn.

5.1.8. Stjórnarhættir, stjórn, stjórnendur og endurskoðendur

Upplýsingar um stjórnarhætti Orkuveitunnar eru felldar inn í grunnlýsingu þessa með tilvísun til eftirtalinna skjala sem myndar órjúfanlega heild hennar samanber kafla *6.3 Upplýsingar felldar inn með tilvísun.* Reglur Orkuveitunnar um stjórnarhætti, s.s. starfsreglur stjórnar, voru samdar með hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland. Orkuveitan telur að stjórnarhættir fyrirtækisins uppfylli leiðbeiningarnar. Til hægðarauka er tilgreind slóð á heimasíðu útgefanda þar sem viðkomandi skjal er að finna.

- Ársreikningur samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og ársskýrsla 2025 – sjá skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra, svo og stjórnarháttayfirlýsingu: https://orkuveitan.overcastcdn.com/documents/%C3%81rsreikningur-Orkuveitunnar-2025-is.pdf.pdf.pdf

Fjárfestar eru jafnframt hvattir til að kynna sér eftirfarandi stefnumörkun Orkuveitunnar, sem birt er á vefsíðu útgefanda, á slóðinni https://www.orkuveitan.is/orkuveitan/fyrirtaekid/stjorn-orkuveitunnar: Sameignarsamning, eigendastefnu og starfsreglur stjórnar.[6]

Stjórn Orkuveitunnar

Formaður stjórnar:	Ari Edwald
Varaformaður stjórnar:	Einar Þorsteinsson
Meðstjórnendur:	Ásta Dís Ólafsdóttir
	Ragnar Baldvin Sæmundsson
	Ragnheiður Björk Halldórsdóttir
	Skúli Helgason

[6] Upplýsingar á vefsíðu útgefanda eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.

Áheyrnarfulltrúi Borgarbyggðar:	Sigurður Guðmundsson
Áheyrnarfulltrúi Starfsmannafélags OR:	Unnur Líndal Karlsdóttir
Varafólk:	Magnea Gná Jóhannsdóttir
	Brynjar Níelsson
	Heiða Björg Hilmisdóttir
	Auður Hermannsdóttir
	María Sigríður Guðjónsdóttir
	Liv Aase Skarstad

Tvær nefndir starfa á vegum stjórnar Orkuveitunnar:

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar fyrir Reykjavíkurborg og dótturfyrirtæki hennar, Orkuveitu Reykjavíkur þar með talda. Endurskoðunarnefnd starfar skv. IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga með þeim hætti sem kveðið er á um í samþykkt fyrir stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001 og eftir því sem lög mæla fyrir um. Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi verkefni án takmörkunar á ábyrgð borgarstjórnar, borgarráðs og stjórnenda: Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu, eftirlit með endurskoðun ársreiknings A-hluta og samstæðureiknings A- og B-hluta, mat á óhæði ytri endurskoðanda og eftirlit með öðrum störfum þeirra fyrir Reykjavíkurborg, setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum og að ráðningu innri endurskoðanda. Endurskoðunarnefndina skipa Einar S. Hálfdánarson, Björn Snær Atlason, Kristín Baldursdótir og Sunna Jóhannsdóttir viðskiptafræðingur sem tilnefnd er af stjórn Orkuveitunnar. Varafólk er Danielle Pamela Neben, Ólafur B. Kristinsson og Páll Grétar Steingrímsson. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fer með innri endurskoðun Orkuveitunnar skv. samningi þar um.

Starfskjaranefnd er undirnefnd stjórnar en hún hefur ekki verið skipuð eftir kjör stjórnar félagsins þann 20. ágúst 2026 á framhaldsaðalfundi.

Stjórn Orkuveitunnar hefur virkt eftirlit með veigamestu óvissuþáttum í rekstri samstæðunnar og fær mánaðarlega skýrslur um stöðu fjármála, auðlinda, öryggis- og heilsumála og þýðingamikilla umhverfisþátta, þar á meðal loftslagsmála. Fjallað er um áhættustýringu, rekstraráhættu og aðrar áhættur í starfsemi samstæðunnar reglulega á stjórnarfundum. Þá fer Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Orkuveitunni í umboði stjórnar. Í því felst að Innri endurskoðun leggur mat á virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarhátta með stöðugar umbætur að markmiði.

Forstjóri Orkuveitunnar, framkvæmdastjórar móðurfélags og dótturfélaga

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Orkuveitunnar

Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri Fjármála hjá Orkuveitunni

Hera Grímsdóttir, framkvæmdastýra Rannsókna og nýsköpunar hjá Orkuveitunni

Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og tækni hjá Orkuveitunni

Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra Veitna ohf.

Þuríður Björg Guðnadóttir, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans ehf.

Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri Orku Náttúrunnar ohf. og ON Power

Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix ohf.

Aðrar upplýsingar um stjórn og stjórnendur

Starfsstöð framangreindra aðila, vegna starfa eða setu í stjórn, er hjá útgefanda, Bæjarhálsi 1 í Reykjavík.

Hjá stjórnarfólki útgefanda og framangreindum aðilum í yfirstjórn hans eru engir hagsmunaárekstrar milli skyldustarfa fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

Endurskoðendur

Endurskoðandi útgefanda er Grant Thornton endurskoðun ehf., kennitala 430190-1999, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík. Davíð Arnar Einarsson og Theodór Sigurbergsson, endurskoðuðu og árituðu ársreikninga samstæðunnar fyrir árin 2023, 2024 og 2025. Þeir eru meðlimir í félagi löggiltra endurskoðenda. Engir hlutir í útgefanda eða tengdar afleiður eru í eigu Grant Thornton endurskoðunar ehf. eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun útgefanda.

5.1.9. Sjálfbærni og heildarstefna útgefanda

Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar er yfirskrift heildarstefnu Orkuveitunnar sem unnin var að á vegum stjórnar og forstjóra á árinu 2023 og samþykkt eftir samráð við eigendur snemma árs 2024. Stefnan ber með sér að saga og velgengni Orkuveitunnar byggi á nýsköpun og framsýni og að haldið sé áfram á þeirri braut. Áskoranir og tækifæri blasi við þegar horft er til loftslagsbreytinga, orkumála og tengdra þátta. Til að takast á við þessi brýnu og stóru verkefni þurfi öflugt samstarf ólíkra aðila. Metnaður Orkuveitunnar stendur til þess að vinna af krafti í samstarfi með öðrum í orku, veitum og tengdri nýsköpun, til að félagið sjálft og viðskiptavinir þess geti stutt við sjálfbæra framþróun. Metnaður Orkuveitunnar snýr að framúrskarandi þjónustu við fjölbreytta viðskiptavini, starfsemi í sátt við umhverfi og samfélag, ábyrgri liðsheild, skilvirkum stjórnarháttum og starfsemin öll stuðli að hagsæld. Þannig sé lagður grunnur að auknum lífsgæðum fyrir öll.

Stefnan byggist á fjórum straumum, sem hver styður við annan. Undir hverjum straumi eru síðan tilgreind markmið sem honum tilheyra. Straumarnir eru:

- Fyrir viðskiptavininn
- Aukið framboð og sjálfbærar lausnir
- Nýsköpun og öflugt samstarf
- Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur

Heildarstefnan, sem er leiðarljós fyrirtækisins um sjálfbæran rekstur, hefur verið innleidd hjá öllum félögum samstæðu Orkuveitunnar og framgangur mælanlegra markmiða hennar er vaktaður. Til frekari stuðnings innleiðingunni hefur Orkuveitan komið á fót einingunni Verðmætasköpun. Innan hennar eru mótuð, þróuð og innleidd verkefni sem skapa aukin verðmæti fyrir Orkuveituna og dótturfyrirtækin, íslenskt samfélag og atvinnulíf.

Gildi Orkuveitu Reykjavíkur eru frumkvæði, framsýni, hagsýni og heiðarleiki. Siðareglur Orkuveitunnar byggja á gildunum. Siðareglurnar eru skráðar og opinberar og eiga að hjálpa starfsfólki að láta heiðarleika, virðingu og

jafnrétti einkenna öll samskipti hvort sem er við viðskiptavini, samstarfsfólk, stjórn, birgja eða aðra hagsmunaaðila.

Samstæða Orkuveitunnar leggur áherslu á góða stjórnarhætti með ábyrgum rekstri og styðst við alþjóðlega staðla til að tryggja áframhaldandi forystu skipulagsheildarinnar út frá sjálfbærnisjónarmiðum. Virkni stjórnunarkerfa innan samstæðunnar er reglulega sannreynd með óháðum ytri úttektum.

Orkuveitan hefur með tvíátta mikilvægisgreiningu borið kennsl á þýðingarmikla sjálfbærniþætti starfseminnar. Árleg skýrslugjöf um sjálfbærni er hluti ársreiknings samstæðu. Skýrslugjöfin er byggð á ESRS-regluverki ESB og hlýtur endurskoðun og áritun ytri endurskoðenda eftir VSME-staðli sambandsins. Orkuveitan stefnir á kolefnishlutleysi vegna eigin starfsemi og aðfangakeðju árið 2040. Vegna almannaþjónustuhlutverks Orkuveitunnar þýðir það að kolefnisspor samfélagsins alls minnkar. Á árinu 2023 hlaut Orkuveitan staðfestingu frá Science Based Targets initiative (SBTi) um að loftslagsmarkmið samstæðunnar byggi á vísindalegum grunni og styðji við aðgerðir Parísarsáttmálans um að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C. Loftslagsbókhald Orkuveitunnar hlaut óháða alþjóðlega vottun frá alþjóðlega vottunarfyrirtækinu Bureau Veritas sem staðfesti réttmæti bókhaldsins árið 2024.

Með samstæðuársreikningi ársins 2025 birti Orkuveitan í þriðja skiptið upplýsingar úr fjárhagsbókhaldi í samræmi við Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins, sem tók gildi hér á landi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023. Niðurstaðan var birt í samstæðuársreikningi ársins 2025 sem er aðgengilegur hér og felldur inn í lýsinguna með tilvísun: https://orkuveitan.overcastcdn.com/documents/%C3%81rsreikningur-Orkuveitunnar-2025-is.pdf.pdf.pdf.

6. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Grunnlýsing þessi, dagsett 2. nóvember 2026, telst vera grunnlýsing í skilningi 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. Grunnlýsingin inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja þeim verðbréfum, sem gefa má út í samræmi við útgáfuramma þann er lýst er í grunnlýsingunni, á þeim degi sem hún er dagsett. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt.

Þessi grunnlýsing gildir í allt að 12 mánuði frá staðfestingu hennar. Upplýsingar um nafnvirði, vexti, ávöxtun og ákveðnar aðrar upplýsingar sem eiga við um þau verðbréf sem gefa skal út á hverjum tíma í samræmi við skilmála útgáfurammans líkt og skilgreint er í kafla *3 Skilmálar verðbréfanna* og *4 Form endanlegra skilmála* verða tilgreindar í endanlegum skilmálum. Ef sótt verður um töku skuldabréfa til viðskipta hjá Nasdaq Iceland verða endanlegu skilmálarnir skráðir hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og afrit þeirra einnig birt á vefsíðu Nasdaq Iceland.

Grunnlýsing þessi varðar skuldabréf og víxla útgefin af Orkuveitunni sem gefa má út í samræmi við útgáfurammann vegna umsóknar um að þau verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Grunnlýsing þessi varðar því skuldabréf og víxla sem tilgreind verða í viðeigandi endanlegum skilmálum grunnlýsingarinnar.

Framangreint fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti og lýsingar, samanber lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Reglugerð (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB hefur verið innleidd í íslenskan rétt með ákvæðum framangreindra laga nr. 14/2020, sbr. 2. gr. laganna. Grunnlýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum samkvæmt 6., 14. og 28. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980. Grunnlýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af *Reglum fyrir útgefendur skuldabréfa* sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland hf. þann 1. janúar 2026. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið), sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129 hefur staðfest grunnlýsinguna sem dagsett er 2. nóvember 2026. Fjármálaeftirlitið staðfestir einungis grunnlýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, og ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann eða staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem grunnlýsingin varðar. Fjárfestar skulu sjálfir meta hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum. Grunnlýsingin er á íslensku, gefin út í einu skjali og er birt á Íslandi. Grunnlýsingin er dagsett 2. nóvember 2026 og hana má nálgast á vef útgefanda, www.or.is/um-or/fjarmal.

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Vegna mögulegra fjárfestinga í þeim verðbréfum sem grunnlýsing þessi varðar þá eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel grunnlýsinguna en nálgast má hana á vef félagsins www.or.is/um-or/fjarmal. Er fjárfestum ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti.

Eftir birtingu grunnlýsingar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af útgefanda eða varða hann og viðkomandi verðbréf. Upplýsingar í grunnlýsingu þessari eru byggðar á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem hún er dagsett og geta breyst frá því að skjölin eru staðfest og þar til fyrirhuguð viðskipti geta hafist með þau verðbréf, sem tilgreind eru í viðeigandi endanlegum skilmálum, á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Gefinn skal út viðauki við grunnlýsingu ef nauðsynlegt þykir í samræmi við ákvæði 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Viðaukinn skal innihalda uppfærðar upplýsingar um útgefandann og verðbréfin sem boðin eru í lokuðu útboði og/eða ætlunin er að taka til viðskipta á skipulegum markaði.

Grunnlýsingu þessa má ekki undir neinum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljanda, umsjónaraðila útboðs, söluaðila, umsjónaraðila með töku til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, starfsmanna þeirra eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á verðbréfum er í eðli sínu áhættufjárfesting. Fjárfesting í verðbréfum, sem gefin eru út af Orkuveitunni, eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna

fjárfestingar í verðbréfum útgefnum af Orkuveitunni og taka tillit til starfsumhverfis útgefanda og dótturfélaga hans, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á fjármálagerningum sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á skuldabréfum og/eða víxlum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Grunnlýsingu þessa skal hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Grunnlýsingu þessari skal þannig meðal annars ekki dreifa á neinn hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japans. Útgefandi, seljandi, umsjónaraðili eða starfsfólk þeirra eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingunni að hluta eða í heild.

Fjármálagerningar (nánar tiltekið skuldabréf) útgefnir af Orkuveitunni eru nú þegar í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og hafa verið frá árinu 2005. Hefur félagið því haft ákveðna upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt settum lögum og reglugerðum, samanber lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, birt tilkynningar opinberlega og lútið reglum Nasdaq Iceland. Núgildandi *Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga*, útgefnar af Nasdaq Iceland hf. þann 1. janúar 2026, kveða meðal annars á um opinbera birtingu allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um félagið á hverjum tíma og að upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð verðbréfanna beri að birta eins fljótt og unnt er. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, í samræmi við lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, auk þess sem þær skulu sendar til Nasdaq Iceland í eftirlitsskyni í samræmi við reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga. Á meðan fjármálagerningar útgefnir af Orkuveitunni eru til viðskipta á skipulegum markaði mun útgefandinn birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni www.or.is/um-or/fjarmal.

6.1. Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „Orkuveitunnar“, „OR“, „útgefanda“ eða „móðurfélagsins“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Orkuveitu Reykjavíkur, kennitala 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, Íslandi, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur“ eða „samstæðunnar“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til útgefanda og dótturfélaga hans, nema annað megi skilja af samhengi textans. Orkuveita Reykjavíkur er lögformlegt heiti útgefandans. Viðskiptaheiti útgefanda er Orkuveitan og OR.

Vísun til „verðbréfanna“, „skuldabréfanna“, „skuldabréfaflokksins“, „víxlanna“ eða „víxlaflokksins“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til verðbréfa sem gefin eru út í samræmi við ákvæði útgáfurammans sem lýst er í grunnlýsingunni.

Vísun til „útgáfurammans“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til allt að 170 ma.kr. útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari.

Vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kennitala 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „ Nasdaq Iceland“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Kauphallar Íslands hf., kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Aðal-markaðar“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Aðalmarkaðar Nasdaq Iceland sem er skipulegur markaður nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „króna” eða skammstöfunina „kr.” í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.” í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.” í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í grunnlýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða með áorðnum breytingum.

Í grunnlýsingu þessari skulu skilgreind orð í eintölu jafnframt taka til fleirtölumyndar orðsins, og öfugt. Einnig skulu orð tilgreind án greinis jafnframt taka til orðanna með greini, og öfugt.

6.2. Gildistími og aðgengi að lýsingu

Gildistími grunnlýsingar þessarar er allt að 12 mánuðir frá staðfestingu hennar.

Aðgengi að grunnlýsingu þessari skal tryggt í 10 ár frá staðfestingu hennar. Það verður gert með birtingu á vef útgefandans, á slóðinni https://orkuveitan.is/um-or/fjarmal/grunnlysing-skuldabrefa-og-vixla-or/. Fjárfestar geta jafnframt óskað eftir grunnlýsingunni, á prentuðu formi sér að kostnaðarlausu hjá Orkuveitunni og í kjölfarið nálgast hana að Bæjarhálsi1 í Reykjavík.

6.3. Upplýsingar felldar inn með tilvísun

Eftirfarandi skjöl eru í heild sinni felld inn með tilvísun í grunnlýsingu þessa og skoðast þar með sem órjúfanlegur hluti af grunnlýsingu þessari og tiltekin sem skjöl til sýnis:

- Ársreikningur samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2025
  https://orkuveitan.overcastcdn.com/documents/%C3%81rsreikningur-Orkuveitunnar-2025-is.pdf.pdf.pdf
  Birt opinberlega 06.03.2026
- Ársreikningur samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2024
  https://ml-eu.globenewswire.com/Resource/Download/3b8dd41b-1ec5-4bff-9699-2c553891ce2c
  Birt opinberlega 07.03.2025
- Ársreikningur samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2023
  https://orkuveitan.is/documents/1431/Samst%C3%A6%C3%B0u%C3%A1rsreikningur_Orkuveitunnar_2023_utgefid.pdf
  Birt opinberlega 07.03.2024
- Orkuveita Reykjavíkur - Sameignarsamningur
  https://www.orkuveitan.is/sameignarsamningur
- Óendurskoðað árshlutauppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrri árshelmings 2026
  https://orkuveitan.overcastcdn.com/documents/Orkuveitan-samandreginn-samst%C3%A6%C3%B0u%C3%A1rshlutareikningur-30.6.2026-is.pdf
  Birt opinberlega 31.08.2026

6.4. Skjöl til sýnis

- Moody's Rating
  https://www.or.is/documents/1150/Moodys_Rating_Action_-_OR_-_Sep_2021.pdf
  Birt opinberlega 08.09.2021
- Fitch Ratings
  https://orkuveitan.is/documents/1128/Fitch_Upgrades_Orkuveita_Reykjavikur_to_BBB-_Outlook_Stable.pdf
  Birt opinberlega 15.04.2021
- Orkuveita Reykjavíkur – Sameignarsamningur
- https://www.orkuveitan.is/sameignarsamningur
- Orkuveita Reykjavíkur – Eigendastefna
  https://www.orkuveitan.is/orkuveitan/fyrirtaekid/stefnuskjol-og-stadlar/eigendastefna
- Grænn fjármögnunarrammi Orkuveitu Reykjavíkur (Reykjavik Energy Green Financing Framework) (https://orkuveitan.is/documents/1526/Green_Financing_Framework_2024.pdf)
  Birt opinberlega 30. október 2024

- S&P Global Ratings, Second Party Opinion, Reykjavik Energy's Green Financing Framework (https://orkuveitan.is/documents/1527/Reykjav%C3%ADk_Energy_OR_-_Green_Financing_Framework_-_Second_Opinion.pdf)
- Samþykktir Veitna ohf. (https://www.veitur.is/samthykktir-veitna-ohf)
- Samþykktir Orku Náttúrunnar ohf. (https://www.on.is/media/samthykktir_orku_natturunnar.pdf)
- Félagssamningur OR Vatns- og fráveitu sf. (OR_vatns-_og_fráveita_sf._-_félagssamningur.pdf)
- Samþykktir Ljósleiðarans ehf. (https://www.ljosleidarinn.is/wp-content/uploads/2025/06/Samthykktir-Ljosleidarans-dags.-11.-april-2025.pdf)
- Samþykktir Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. (https://orkuveitan.is/documents/1650/Eignarhaldsf%C3%A9lagi%C3%B0_Carbfix_ohf._____-471119-0910_____-Sam%C3%BEykktir_____C1jkz5y.pdf)
- Samþykktir Carbfix hf.

  (https://orkuveitan.is/documents/1649/Carbfix_hf._____-531022-0840_____-Sam%C3%BEykktir_____-11.02.2025.pdf)
- Samþykktir Orkuveitu Reykjavíkur - Eignir ohf. (Orkuveita_Reykjavíkur_-_Eignir_ohf._____-531213-0840_____-Samþykktir_____-.pdf)
- Skipurit OR samstæðunnar https://www.orkuveitan.is/orkuveitan/fyrirtaekid/skipurit
- Ársskýrsla OR 2025 (https://orkuveitan.overcastcdn.com/documents/%C3%81rsreikningur-Orkuveitunnar-2025-is.pdf.pdf.pdf)
- Ársskýrsla OR 2024 (https://ml-eu.globenewswire.com/Resource/Download/3b8dd41b-1ec5-4bff-9699-2c553891ce2c)
- Ársskýrsla OR 2023 (https://orkuveitan.overcastcdn.com/documents/Arsskyrsla_Orkuveitunnar_2023.pdf)
- Orkuveita Reykjavíkur – Fjárhagsspá Orkuveitunnar 2027-2031 https://orkuveitan.overcastcdn.com/documents/Fj%C3%A1rhagssp%C3%A1-Orkuveitunnar-2027-2031-me%C3%B0-greinarger%C3%B0-1-is.pdf)
  Birt opinberlega 26.10.2026
- Orkuveita Reykjavíkur – Sjálfbærnistefna (https://www.orkuveitan.is/orkuveitan/fyrirtaekid/stefnuskjol-og-stadlar/sjalfbaernistefna)
  Birt opinberlega 26.06.2023

Meðan grunnlýsingin er í gildi er heimilt að skoða skjöl sem vísað er til í kafla 6.4. hér að framan sem skjöl til sýnis, en slíkt aðgengi er veitt með birtingu skjalanna á vef félagsins.

6.5. Önnur skjöl

Á vef útgefanda, www.or.is/um-or/fjarmal, er að finna endanlega skilmála verðbréfa sem þegar hafa verið felldar undir útgáfurammann sem grunnlýsingin tekur til:

- Endanlegir skilmálar skuldabréfa í flokknum OR090546
- Endanlegir skilmálar skuldabréfa í flokknum OR180255 GB

- Endanlegir skilmálar skuldabréfa í flokknum OR020934 GB
- Endanlegir skilmálar skuldabréfa í flokknum OR180242 GB
- Endanlegir skilmálar skuldabréfa í flokknum OR161126 GB
- Endanlegir skilmálar skuldabréfa í flokknum OR280845 GB
- Endanlegir skilmálar skuldabréfa í flokknum OR031033 GB

Á sömu vefsíðu verða birtir endanlegir skilmálar þeirra verðbréfa sem eftirleiðis verða gefin út í samræmi við skilmála grunnlýsingarinnar.

6.6. Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í grunnlýsingunni byggja ekki á yfirlýsingum utanaðkomandi sérfræðinga eða þriðja aðila, öðrum en opinberum upplýsingum sem birtar hafa verið af opinberum aðilum.

Upplýsingar í grunnlýsingu þessari (þ.m.t. skjölum sem felld eru inn með tilvísun) byggja m.a. á gögnum sem útgefandi hefur aflað frá þriðja aðila, og hafa upplýsingarnar verið endurgerðar með réttum hætti þar sem það á við. Þar er m.a. um að ræða spár frá Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands og Reykjavíkurborg, svo og upplýsingar um þróun álverðs frá LME (London Metal Exchange). Útgefandi staðfestir, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.

6.7. Ráðgjafar

Fossar fjárfestingarbanki hf., kennitala 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík hafa umsjón með því ferli að fá grunnlýsingu þessa staðfesta hjá Fjármálaeftirlitinu. Fossar fjárfestingarbanki hf. hafa unnið að gerð grunnlýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda. Grunnlýsingin er meðal annars byggð á endurskoðuðum ársreikningum samstæðunnar fyrir fjárhagsárin 2023, 2024 og 2025.

6.8. Yfirlýsing endurskoðanda útgefandans

Grant Thornton endurskoðun ehf. kt. 430190-1999, endurskoðaði samstæðuársreikninga Orkuveitunnar fyrir árin 2025, 2024 og 2023. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og áritun var fyrirvaralaus. Vegna endurskoðunar samstæðuársreikninga Orkuveitunnar fyrir árið 2025 var það álit Grant Thornton endurskoðunar ehf. að samstæðuársreikningarnir gæfu glögga mynd af afkomu samstæðunnar á viðkomandi ári, fjárhagsstöðu hennar í lok árs og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Áritun ársreiknings 2025 var án fyrirvara.

Grant Thornton endurskoðun ehf. staðfestir að fjárhagsupplýsingar í kafla 5.1.4 *Samandregnar fjárhagsupplýsingar* í grunnlýsingu þessari sem varða þau reikningsskil sem undirritaður tiltekur hér að framan eru í samræmi við framangreinda samstæðureikninga Orkuveitunnar.

Reykjavík, 2. nóvember 2026

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðun ehf.

Bjarni Már Jóhannesson

löggiltur endurskoðandi

6.9. Yfirlýsing ábyrgðaraðila grunnlýsingar fyrir hönd útgefanda

Forstjóri Orkuveitunnar, kennitala 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, lýsir því yfir fyrir hönd Orkuveitunnar, sem útgefanda, að samkvæmt hans bestu vitund séu upplýsingarnar, sem grunnlýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 2. nóvember 2026

Fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur

Sævar Freyr Þráinsson

forstjóri